FRÉTTABLAÐIÐ
132. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
MIÐVIKUDAGUR 6. JÚNÍ 2018



Leikkonan og leikstjórinn Guðrún Ásmundsdóttir var kampakát þegar hún tók við heiðursverðlaunum Grímunnar í gær. Sýningin Himnaríki og helvíti var sigursælust á hátíðinni en Eggert Þorleifsson var valinn leikari ársins fyrir leik sinn í Föðurnum og Nína Dögg Filippusdóttir var valin leikkona ársins fyrir hlutverk sitt í Fólki, stöðum og hlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Líkur á breyttu veiðigjaldafrumvarpi

**Leiðtogar stjórnmálaflokkanna á Alþingi funduðu stíft í bakherbergjum þingsins í gær til að ná sáttum um þinglok. Veiðigjaldafrumvarpið gæti tekið breytingum til að friða stjórnarandstöðuna. Þingflokkarnir stefna á að ná samkomulagi um þinglok í dag.**

**ALÞINGI** Veiðigjaldafrumvarp meirihlutans, sem sett hefur þingstörf í uppnám, mun líklega ekki verða að lögum í óbreyttri mynd, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Formenn stjórnmálahreyfinganna sem sæti eiga á Alþingi sátu á rökstólum í bakherbergjum þingsins lungann úr gærdeginum og reyndu að komast að sameiginlegri niðurstöðu um tilhögun þingstarfa næstu daga og þinglok í kjölfarið.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun sátu formenn flokkanna enn á fundi til að reyna að ná lendingu. Samkvæmt heimildum blaðsins er vilji innan Vinstri grænna til að semja um að veiðigjaldafrumvarpið nái ekki fram að ganga í óbreyttri mynd og þannig slá á hnútinn í viðræðum flokkanna. Vonir standa hins vegar til að hækkun persónuafsláttar á litlu útgerðirnar í landinu nái fram að ganga. Þannig verði fallið frá flatri krónutölulækkun á allar útgerðir.

Heimildarákvæði þess efnis að ríki sé heimilt að innheimta veiðigjöld af útgerðinni á næsta fiskveiðiári verður svo framlengt um eitt ár og mun það bíða sjávarútvegsráðherra, Kristjáns Þórs Júlíussonar, að leggja fram nýtt frumvarp um veiðigjöld næsta haust.

Einnig eru fleiri stór mál sem þingið þarf að klára. Ber þar hæst ríkisfjármálaáætlun og nýja persónuverndarlöggjöf. Ekki eru taldar miklar líkur á að þessi mál flækist fyrir þinglokum þó þingmenn vilji líklega ræða málin nokkuð í þingsal.

Venjan er að stjórnarandstaðan fái nokkur slík mál til meðferðar. Hins vegar er stjórnarandstaðan ekki samstíga um hvaða mál eigi að fá þinglega meðferð. Þingmenn Miðflokksins viljað ræða mál þess efnis að húsnæðisliður hverfi úr vísitölu neysluverðs á meðan Samfylkingin leggur áherslu á að ræða ný barnalög. – sa / sjá síðu 6




## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Anna Björnsdóttir taugalæknir skrifar heilbrigðisráðherra. 11

**SPORT** Aníta Hinriksdóttir setti nýtt Íslandsmet um helgina. 14

**MENNING** Dans og myndlistarverkið Atómstjarna verður sýnt í nýuppgerðum Ásmundarsal. 20

**LÍFIÐ** Stórstjarnan Jessie J heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld og eins og stjörnu sæmir er hún með sérkröfur um veitingar baksviðs. 24



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Hæg suðlæg eða breytileg átt í dag, skýjað að mestu og sums staðar þokuloft. Bjart með köflum á Norður- og Austurlandi, en líkur á þokumóðu við sjóinn. SJÁ SÍÐU 18

# Skrifað undir í sólinni



Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn og óháðir skrifuðu undir málefnasamning, en framboðin hafa myndað meirihluta í Hafnarfirði. Í samningnum er kveðið á um gerð stjórnsýsluúttektar með það að markmiði að auka skilvirkni í þjónustu og byggingu hjúkrunarheimilis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Húsleit vegna Skeljungssölu

**LÖGREGLUMÁL** Fulltrúar embættis héraðssaksóknara gerðu húsleit á heimili hjónanna Guðmundar Arnar Þórðarsonar og Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur í síðustu viku og lögðu hald á gögn sem tengjast rannsókn embættisins á kaupum þeirra á hlutum í Skeljungi 2008 og í færeyska olíufélaginu P/F Magn 2009, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hjónin eru í dag meðal stærstu hluthafa í VÍS og Kviku banka.

Þá herma heimildir blaðsins að að minnsta kosti þrír einstaklingar til viðbótar séu til rannsóknar hjá embættinu vegna viðskiptanna, Halla Sigrún Hjartardóttir, Einar Örn Ólafsson og Kári Þór Guðjónsson, en þau störfuðu öll samtímis í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sem hafði umsjón með sölu á Skeljungi til Svanhildar og Guðmundar.

Fyrst var greint frá rannsókn embættisins á kaupum hjónanna á hlutum í olíufélögunum tveimur á frettabladid.is í gær. Rannsóknin er til komin vegna kæru sem Íslandsbanki lagði fram árið 2016.

Í yfirlýsingu sem hjónin sendu Fréttablaðinu í gær sögðu þau kaupin í umræddum félögum hafa borið að með eðlilegum hætti og einsýnt að opinber rannsókn á viðskiptunum muni eyða öllum vafa um réttmæti þeirra. **– ósk, hae**

## Sakarkostnaður sexföld sektin

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sjötugsaldri var í Héraðsdómi Austurlands í síðasta mánuði dæmdur til greiðslu 110 þúsund króna sektar vegna ölvunaraksturs. Maðurinn hafði ekið bifreið sinni utan í kyrrstæða bifreið í Fjarðabyggð.

Þegar lögreglu bar að garði var maðurinn látinn blása í vínandamæli og mældist áfengismagn í útblæstri 2 prómill. Maðurinn sagði að hann hefði drukkið einn bjór og kraftöst sýknu á þeim grundvelli að hann hefði neytt áfengis eftir að akstri lauk. Slysið hefði mátt rekja til þess að hann missti bita af hákarli frá sér sem hann var að snæða undir stýri. Blóðsýni sem tekin voru úr manninum leiddu í ljós að áfengismagn í blóði mældist yfir 1,6 prómill.

Maðurinn var sviptur ökuréttindum í tíu mánuði og dæmdur til greiðslu rúmlega 640 þúsund króna sakarkostnaðar. **– jóe**

# Nektarlist veldur usla innan Seðlabankans

**Málverk Gunnlaugs Blöndal sem prýða veggi Seðlabanka Íslands fóru fyrir brjóstið á starfsmanni sem kvartaði. Kvörtunin er nú til skoðunar hjá stjórnendum og óvíst hvort verkin fái að vera uppi eða úr augsýn. Sérfræðingur hissa.**

**SAMFÉLAG** Innan Seðlabanka Íslands er nú til skoðunar með hvaða hætti skuli bregðast við kvörtun starfsmanns um að nektarmálverk sem prýða veggi bankans séu ósæmileg og beri að fjarlægja. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur málið vakið nokkurn usla innan bankans þar sem skiptar skoðanir eru á réttmæti kvörtunarinnar.

Í Seðlabanka Íslands er að finna nokkuð safn klassískra myndlistarverka eftir, meðal annars, marga af meisturum íslenskrar málaralistar. Á einhverjum þeirra, nánar tiltekið myndum eftir Gunnlaug Blöndal, er að finna nekt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði starfsmaður bankans alvarlega athugasemd við nektarmyndirnar á vinnustaðnum, taldi þær ósæmilegar og fór fram á að þær yrðu fjarlægðar.



**Titringur er vegna myndlistar sem inniheldur nekt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kvörtunin, sem kom í kjölfar #metoo-byltingarinnar og þeirrar miklu umræðu sem skapaðist í kringum hana, var tekin alvarlega og endaði inni á borði stjórnenda þar sem ákveðið var að setja málið í ákveðið ferli. Sú vinna stendur enn og liggja örlög nektarverka hinna gömlu meistara innan veggja Seðlabanka Íslands ekki fyrir.

„Það er til umræðu innan bankans hvar málverkum af þessu tagi eftir gömlu meistarana á borð við Gunnlaug Blöndal verður best fyrir komið,“ segir Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabanka Íslands, aðspurður um málið en kvaðst ekki geta tjáð sig frekar um það þar sem um starfsmannamál væri að ræða.

Einn helsti listspekúlant landsins, Hilmar Einarsson í Morkinskinnu, segir aðspurður að sér hugnist þessi vegferð Seðlabankans illa. Vissulega geti fólk haft skoðun á því hvað sé góð og slæm myndlist en þegar umræðan, í þessu tilfelli #metoo, snúist um að ritskoða listina sé farið yfir strikið.

„Nei, þetta kemur ekki til mála að mínu mati. Mér finnst þetta út úr kortinu, því hvar á þetta að enda? Hvar eigum við þá að draga mörkin? Við yrðum þá bara að elta uppi alla listasöguna eins og hún leggur sig ef þú ætlar inn á þessi svæði,“ segir Hilmar í samtali við Fréttablaðið. Hann bendir á að myndir Gunnlaugs, sérstaklega þær sem skilgreindar eru frá Parísartímabili listamannsins, séu afar eftirsóttar og flottar.

**mikael@frettabladid.is**



**Hilmar Einarsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# Garðtraktorar
## fyrir þá kröfuhörðu




ÞÓR HF

| Reykjavík: | Akureyri: | Opnunartími: | Vefsíða og netverslun: |
| --- | --- | --- | --- |
| Krókháls 16<br>110 Reykjavík<br>Sími 568-1500 | Baldursnes 8<br>603 Akureyri<br>Sími 568-1555 | Opið alla virka daga<br>Lokað um helgar | www.thor.is |




Kennslan á Bifröst er persónuleg, námið nútímalegt og drifið af hagnýtum verkefnum. Tengingin við atvinnulífið er sterk, hvort sem er í gegn um kennara eða þau sambönd sem myndast við samnemendur. Þetta eru nokkrar af þeim fjölmörgu ástæðum fyrir því að ég tel að námið við Háskólann á Bifröst muni skila mér á þann stað sem ég ætla mér.

**- Teitur Erlingsson,**
nemandi í heimsspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

**Umsóknarfrestur er til 15. júní**

# Mótaðu þína framtíð á Bifröst

Nám í félagsvísinda- og lagadeild við Háskólann á Bifröst er góður undirbúningur fyrir krefjandi störf á vinnumarkaði sem tekur örum breytingum og býr nemendur undir virka og gagnrýna þátttöku í þjóðfélagsumræðu líðandi stundar með frumkvæði og skapandi framtíðarsýn að leiðarljósi.

Lögð er áhersla á að byggja upp víðan þekkingargrunn og þjálfa greinandi, gagnrýna og skapandi hugsun. Nemendur njóta þess að vinna með kennurum sem eru virkir í rannsóknum hver á sínu sviði.

## Félagsvísinda- og lagadeild

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
- BA í miðlun og almannatengslum
- BS í viðskiptalögfræði
- BS í viðskiptalögfræði með vinnu
- Diplómanám í opinberri stjórnsýslu

**Í fararbroddi í fjarnámi**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- fyrir þá sem ætla lengra*

# Segir rafrettufrumvarpið ganga of langt

**HEILBRIGÐISMÁL** Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata og formaður velferðarnefndar, telur það óþarfa að banna notkun rafrettna á veitinga- og skemmtistöðum eins og meirihluti nefndarinnar leggur til.

Umrætt bann er meðal breytinga sem meirihlutinn vill gera á frumvarpi um rafrettur sem Alþingi hefur nú til meðferðar. Frumvarpið hafði aðeins gert ráð fyrir banni við notkun rafrettna á stöðum eins og opinberum stofnunum, þjónusturýmum fyrirtækja, skólum, heilbrigðisstofnunum og almenningsfarartækjum.

Þá leggur meirihlutinn til ýmsar aðrar breytingar sem lúta meðal annars að því að tryggja að auglýsingabann nái líka til vef- og samfélagsmiðla, vernd barna verði betur tryggð og að hluti söluvirðis renni í Lýðheilsusjóð, líkt og gildir um tóbak.

Halldóra styður ekki frumvarpið. „Meirihluti nefndarinnar er að ganga mun lengra heldur en frumvarpið sem gengur lengra en tilskipunin. Það er ekki búið að taka tilskipunina inn í EES-samninginn, þannig að okkur ber ekki skylda til að taka þetta upp nú,“ segir Halldór. – **sar**



**Meirihluti velferðarnefndar leggur til að notkun rafrettna verði bönnuð á veitinga- og skemmtistöðum og öðrum almennum rýmum.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Mikill meirihluti kennara sagði já

**KJARAMÁL** Meirihluti félagsmanna í Félagi grunnskólakennara hefur samþykkt nýjan kjarasamning í allsherjaratkvæðagreiðslu. Skrifað var undir kjarasamning í húsakynnum ríkissáttasemjara þann 25. maí síðastliðinn en atkvæðagreiðsla félagsmanna FG stóð yfir dagana 31. maí til 5. júní.

Alls greiddu 74 prósent eða 2.533 með samningnum en tæplega 25 prósent eða 837 greiddu á móti. Alls greiddu 3.423 atkvæði og auðir seðlar voru 53 talsins. Á kjörskrá eru 4.689.

Félag grunnskólakennara hefur verið án kjarasamnings síðan í desember á síðasta ári en nýr samningur gildir frá 1. desember 2017 til 30. júní 2019. – **gj**

## Viðræður hafnar í Kópavogsbæ

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ákváðu í gær að ganga til formlegra viðræðna um myndun meirihluta í Kópavogi.

„Ég er ánægður að við séum loks á leiðinni í formlegar viðræður,“ segir Birkir Jón Jónsson, oddviti Framsóknarmanna, í samtali við Fréttablaðið.

„Ég er bjartsýnn á að þessir tveir flokkar eigi málefnalega samleið.“ – **tg**

**LEIÐRÉTTING**

*Í umfjöllun blaðsins um manneklu í heimahjúkrun Reykjavíkurborgar voru gerð þau mistök í orðalagi að tala um ófaglærða félagsliða. Félag íslenskra félagsliða vill koma því á framfæri að félagsliðar eru ekki ófaglærðir, nám í Borgarholtsskóla sé 140 einingar og útskrifast nemendur með starfsheitið félagsliði. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.*

# Tveir aðstoðarbankastjórar og ábyrgð Seðlabankans aukist

**Lagt er til að húsnæðisverð verði undanskilið í verðlagsvísitölu í nýjum tillögum starfshóps um endurskoðun peningastefnunnar. Fjármálastöðugleiki hafi forgang yfir verðstöðugleika ef fjármálastöðugleika er ógnað. Aðstoðarseðlabankastjórum verði fjölgað í tvo og Seðlabankinn taki við hluta af verkefnum FME.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við lögðum gríðarlega mikla vinnu í þessar tillögur og teljum að þær séu raunhæfar,“ segir Ásgeir Jónsson, formaður starfshóps um endurmat á peningastefnu Íslands. Hópurinn kynnti tillögur sínar í gær.

Starfshópurinn leggur meðal annars til að ábyrgð Seðlabanka Íslands verði aukin og hann taki við hluta af verkefnum Fjármálaeftirlitsins. Þá verði stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands breytt þannig að með seðlabankastjóra starfi tveir aðstoðarseðlabankastjórar.

Á blaðamannafundi, þar sem starfshópurinn kynnti niðurstöður sínar, boðaði Katrín Jakobsdóttir frumvarp um breytinginar á lögum um Seðlabankann. Hún væntir þess að frumvarp þessa efnis verði lagt fram á næsta þingi.

Starfshópurinn leggur fram ellefu tillögur og Fréttablaðið gerir hér eftir grein fyrir fimm þeirra. Sú fyrsta er að Seðlabanki Íslands verði einn ábyrgðaraðili fyrir þjóðhagsvarúð og eindarvarúð og hafi yfirumsjón með greiningu, ákvörðun og beitingu allra þjóðhagsvarúðartækja. „Ábyrgðin færist því frá Fjármálaeftirlitinu yfir til Seðlabankans og verður verkaskipting skýrari milli þessara tveggja stofnana. Vægi fjármálastöðugleika mun við breytinguna aukast í starfsemi Seðlabankans. Fjármálaeftirlitið mun áfram gegna hlutverki eftirlitsaðila á markaði,“ segir í tillögum hópsins.

Önnur tillaga felur í sér að skipaðir verða tveir aðstoðarseðlabankastjórar, annar með áherslu á fjármálastöðugleika og hinn með áherslu á hefðbundna peningastjórn. Báðir mnu eiga sæti í bankastjórn með núverandi seðlabankastjóra. Bankastjórnin myndar síðan fjölskipað stjórnvald er tekur ákvarðanir utan hinnar hefðbundnu hagstjórnar.



**Doktor Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði, var formaður starfshópsins og kynnti skýrsluna í Þjóðminjasafninu í gær. Með honum í starfshópnum sátu hagfræðingarnir Ásdís Kristjánsdóttir og Illugi Gunnarsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þriðja tillagan felur í sér að fjármálastöðugleikanefnd verði sett á laggirnar í stað fjármálastöðugleikaráðs og seðlabankastjóri og fjármála- og efnahagsráðherra gegni þar báðir formennsku. Nefndin taki ákvörðun um beitingu allrar þjóðhagsvarúðar.

Fjórða tillagan felur svo í sér að samstarfssamningi ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands verði breytt þannig að viðhald fjármálastöðugleika hafi forgang yfir viðhald verðstöðugleika ef þær aðstæður skapast að ógn skapist gagnvart hinum fyrrnefnda. „Í því tilviki skal peningastefnunefnd leyfa verðbólgu umfram markmið til að gefa fjármálastöðugleikanefnd svigrúm til þess að beita þjóðhagsvarúð.“

Fimmta tillagan miðar að því að húsnæðisverð sé undanskilið þeirri verðlagsvísitölu sem verðbólgumarkmið Seðlabankans miðar við. Forsætisráðherra minnti á að kveðið væri á um þetta í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Í stjórnarsáttmálanum segir að ríkisstjórnin muni hefja skoðun á því hvernig megi fjarlægja fasteignaverð úr mælingu neysluvísitölunnar.

Við vinnu starfshópsins var gengið út frá þeirri forsendu að krónan yrði áfram gjaldmiðill Íslendinga í nánustu framtíð og fjármagnshreyfingar til og frá landinu yrðu eins frjálsar og kostur er. **jonhakon@frettabladid.is**


MAMMA MIA!



5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT 500 Á FRÁBÆRU FIAT-SUMARTILBOÐI

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

ÚTFÆRSLUR Í BOÐI: POP, LOUNGE, BEINSKIPTUR/SJÁLFSKIPTUR, BLÆJU OG 105 HESTAFLA TWINAIR (TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI)

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF · UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI · WWW.FIAT.IS

ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16


Nýr Tiguan
á grípandi tilboði.
PR Z24
Gríptu Tiguan tækifærið fyrir sumarið.
Nú bjóðum við vel útbúna Volkswagen Tiguan á sérstöku tilboðsverði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði sem eykur ánægju og öryggi í akstri. Komdu í reynsluakstur, við tökum vel á móti þér.
Tiguan Offroad
Fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, 150 hestöfl
• „Offroad“ útlit, 20 cm veghæð
• Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
• Mirror Link og Apple CarPlay
• Akreinavari
• Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
• Loftkæling
• Nálgunarvarar að framan og aftan
• Hraðastillir
• Leðurklætt aðgerðastýri
• Þakbogar
• Bakkmyndavél
• Montana 17" álfelgur
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
Tilboðsverð á Tiguan Offroad
4.990.000 kr.
Listaverð 5.790.000 kr.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd • Myndin er af Tiguan R-Line.

# Stíft fundað um veiðigjaldahnútinn

**Stærstu útgerðarfyrirtækin fá langmesta afsláttinn af veiðigjöldum. Reynt var án afláts í gær að skera á hnútinn sem frumvarp atvinnuveganefndar hefur komið þingstörfum í. Leiðtogar þingflokkanna funduðu langt fram eftir kvöldi í gær í von um að ná samkomulagi.**

**ALÞINGI** Fyrirhuguð lækkun veiðigjalda mun lækka greiðslur lítilla útgerða um tæp 47 prósent. Lækkun veiðigjalds þeirra að teknu tilliti til afslátta mun miðað við áætlun Fréttablaðsins vera á bilinu 140 til 190 milljónir króna. Til samanburðar er varleg áætlun áhrifa fyrirhugaðrar lækkunar á álögð veiðigjöld HB Granda um 200 milljónir króna.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, biðlaði til forsætisráðherra að finna lausn á þeim hnút sem málið er í inni á þinginu. „Á síðustu metrum þingsins er erfitt að fá svona frumvarp sem er keyrt beint í gegnum þingið, það á að keyra þetta ofan í kokið á okkur og við verðum að gleypa það hvort sem okkur líkar betur eða verr,“ sagði Þorgerður.

Stíf fundahöld formanna flokkanna sem og formanna þingflokka í gær skiluðu litlum árangri þar sem reynt var að miðla málum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leituðust stjórnarflokkarnir við að ná lendingu í veiðigjaldamálinu og voru tilbúnir að semja um að frumvarpið yrði afturkallað að einhverju leyti.



**Alþingi var nánast óstarfhæft lungann úr gærdeginum vegna stífra samningaviðræðna formanna flokkanna. Veiðigjaldafrumvarpið hefur farið þversum ofan í stjórnarandstöðuna og er sem þrándur í götu þingloka. Forseti þingsins lagði formlega til hliðar starfsáætlun þingsins í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Landssamband smábátaeigenda lýsir ánægju sinni með frumvarpið.**

Landssamband smábátaeigenda

**Tímabært að yfirvöld gerðu sér grein fyrir skaðsemi hás veiðigjalds.**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

**Verið að létta eðlilegu endurgjaldi fyrir afnot af þjóðarauðlind.**

Alþýðusamband Íslands

**Dæmi um hvernig hægt er að spila með mikilvægt mál í trássi við vilja þjóðarinnar án umræðu.**

Stjórnarskrárfélagið

**Fram hjá því verður ekki komist að lækkun veiðigjalda lendir hjá þessum stóru aðilum.**

Indriði H. Þorláksson

## Gríðarháar sporslur til útgerðarinnar



**Samherji**
187.000.000 kr.
**Síldarvinnslan**
116.000.000 kr.



**HB Grandi**
214.000.000 kr.



**Ísfélag Vestmannaeyja**
93.000.000 kr.
**Vinnslustöðin**
73.000.000 kr.



**Brim ehf.**
100.000.000 kr.

Lækkun til meðalstórra útgerða nemur 43 prósentum að teknu tilliti til afslátta. Mun lækkunin til þeirra nema 250-290 milljónum. Því má gera ráð fyrir að 15 til 20 prósent fyrirhugaðrar lækkunar veiðigjalda muni lenda í vasa lítilla og meðalstórra útgerða en afgangurinn renni til stærri útgerða. Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að um helmingur lækkunarinnar skilaði sér til tíu stærstu útgerðanna.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra var spurður hvort það væri ekki staðreynd að stærri fyrirtækin fengju mestan afslátt í krónum talið. „Það er staðreynd að veiðigjald er lagt á hvert kíló af lönduðum afla en þannig hefur það verið frá því veiðigjaldið var fyrst lagt á árið 2004. Breytingar á álagningu gjaldsins koma því hlutfallslega jafnt út fyrir öll sjávarútvegsfyrirtæki. Hins vegar er sérstaklega komið til móts við litlar og meðalstórar útgerðir í þessu frumvarpi.“

Eðli málsins samkvæmt liggja tölur um álagt veiðigjald vegna strandveiða ekki fyrir og var reiknað með að þeir sem þær stunda myndu greiða frá 300 milljónum til 500 milljóna út frá fyrirliggjandi gögnum fyrir fiskveiðiárið 2016-17 en efri mörk þeirra áætlunar eru í hæsta lagi. Niðurstöður útreikninganna stemma við þær forsendur sem fram koma í greinargerð sem fylgir frumvarpinu. Í útreikningunum er ekki tekið tillit til mögulegrar lækkunar einstakra útgerða vegna kvótakaupa. **– sa, jóe, jhh**

## Raunhæft dæmi fjögurra ímyndaðra útgerða

Hér að neðan má sjá dæmi um fjögur fyrirtæki. Fyrsti dálkurinn sýnir áætluð veiðigjöld hvers fyrirtækis yfirstandandi veiðiár. Sá þriðji sýnir álagt gjald fyrir hið næsta miðað við sama afla og að frumvarpið verði að lögum.

| 2017-18 | Afsláttur* | 2018-19 | Afsláttur** | Mismunur*** |
|---|---|---|---|---|
| 4.560.000 kr. | 912.000 kr. | 3.465.600 kr. | 1.039.680 kr. | 1.222.080 kr. |
| 9.120.000 kr. | 1.596.000 kr. | 6.931.200 kr. | 1.381.600 kr. | 1.974.400 kr. |
| 50.000.000 kr. | 1.596.000 kr. | 38.000.000 kr. | Enginn | 10.431.000 kr. |
| 200.000.000 kr. | 1.596.000 kr. | 152.000.000 kr. | Enginn | 46.431.000 kr. |

*Samkvæmt gildandi reglugerð skal veita hverjum gjaldskyldum aðila 20 prósenta afslátt af fyrstu 4,5 milljónunum og 15 prósenta afslátt af næstu 4,5 milljónum sem á eftir fylgja. Dálkurinn sýnir veiðigjald að teknu tilliti til afslátta.
**Frumvarpið felur í sér 30 prósenta afslátt af fyrstu 5,5 milljónunum og 20 prósenta afslátt af næstu 5,5 milljónum. Sú breyting er lögð til nú að afslátturinn sé bundinn við útgerðir sem greiddu minna en 30 milljónir í veiðigjald fiskveiðiárið á undan.
*** Dálkurinn fyrir mismun sýnir mismuninn á greiddu gjaldi að teknu tilliti til afslátta.

## Forsendur útreikningsins

Útreikningar Fréttablaðsins byggja á gögnum frá Fiskistofu um álagt veiðigjald frá september 2017 til mars 2018. Við útreikningana voru veiðigjöld fyrir afgang fiskveiðiársins, það er fyrir tímabilið apríl til september 2018, hóflega áætluð. Eðli málsins samkvæmt liggja tölur um álagt veiðigjald vegna strandveiða ekki fyrir og var reiknað með að vegna þeirra hefðu komið í ríkissjóð frá 300 milljónum til 500 milljóna út frá fyrirliggjandi gögnum fyrir fiskveiðiárið 2016-17. Efri mörk þeirrar áætlunar eru í hæsta lagi.

Niðurstöður útreikninganna stemma við þær forsendur sem fram koma í greinargerð sem fylgir frumvarpinu. Í útreikningunum er ekki tekið tillit til mögulegrar lækkunar einstakra útgerða vegna kvótakaupa.

Við skiptingu útgerða í flokka var miðað við að litlar útgerðir væru þær sem greiddu veiðigjöld að 5,5 milljónum á fiskveiðiárinu 2017-18. Meðalstórar útgerðir eru þær sem koma til með að greiða 5,5 til 30 milljónir og stórar útgerðir þær sem greiða meira en það.










# Heima

Fáðu þér Heima, allt í einum pakka fyrir heimilið.
Bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða
og sjónvarpsáskrift sem hentar þér.

**Verð frá 12.990 kr. á mánuði.**

**Kynntu þér málið á Vodafone.is**

## Afþreying

- Þú velur á milli: Stöð 2, Stöð 2 Maraþon, Stöð 2 Sport, Golfstöðin, Skemmtipakkinn, Sportpakkinn eða Risapakkinn.

2 · 2 MARAÞON · 2 Krakkar · 2 BÍÓ · 2 SPORT · Golfstöðin · hopster · 3 · CIRCUS

**+ yfir 60 erlendar stöðvar**

## Nýr Samsung UHD/4K myndlykill

- Vodafone Sjónvarp
- Leigan, Frelsi, Tímavél og Vodafone PLAY appið

## Internet

- 1000 Mb/s, ávallt mesti hraði
- Ótakmarkað gagnamagn

## Heimasími

- Ótakmarkað í alla farsíma og heimasíma á landinu
- Ótakmarkaðar mínútur til útlanda

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

## Útlagarnir í mál við dómarann

**BELGÍA** Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu, og fyrrverandi ráðherrar sem eru með honum á flótta í Brussel undan ákæru spænska ríkissaksóknarans, hafa höfðað mál gegn hæstaréttardómaranum Pablo Llarena.

Llarena dæmir í málinu gegn Katalónunum en það snýst um aðgerðir katalónsku héraðsstjórnarinnar síðasta haust. Það er sjálfstæðisatkvæðagreiðsluna og sjálfstæðisyfirlýsinguna. Hafa Katalónarnir verið ákærðir fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu og eiga yfir höfði sér allt að 50 ára fangelsisdóm.

Lögmaður Katalónanna sagði á blaðamannafundi í Brussel í gær að belgískur dómari hefði nú skipað Llarena að koma fyrir dóm þar í landi. Ástæða málsóknarinnar sé sú að brotið sé á stjórnarskrárvörðum rétti Katalónanna til að fá „óháðan og hlutlausan dómara“, réttinum til sanngjarnra réttarhalda og réttinum til þess að vera álitinn saklaus uns sekt er sönnuð.

„Dómskerfið er ekki að eltast við okkur, heldur dómari sem lætur hugmyndafræði sína stýra aðgerðum sínum,“ sagði Puigdemont á blaðamannafundinum. – **þea**

## Reyna að fá málið fellt niður

**BANDARÍKIN** Harvey Weinstein kvaðst í gær saklaus er hann kom fyrir hæstaréttardómara í New York. Kviðdómur ákvað á dögunum að ákæra bæri framleiðandann fyrir þrjú kynferðisbrot. Lögmaður Weinsteins, Benjamin Brafman, sagði hann aldrei hafa stundað kynlíf án samþykkis.



Rúmlega sjötíu konur hafa sakað kvikmyndaframleiðandann um kynferðislega áreitni og kynferðisbrot. Mál gegn honum eru einnig til rannsóknar í Los Angeles, London og á vettvangi bandaríska alríkisins. Verði hann sakfelldur í New York á hann yfir höfði sér allt að 25 ára fangelsisdóm.

„Við ætlum að krefjast þess fyrir dómi að fá afhent ýmis gögn. Ef það gengur eftir gæti vel farið svo að það verði ekkert af réttarhöldunum,“ sagði Brafman við blaðamenn. Weinstein sjálfur svaraði engum spurningum.

Brafman hefur áður sagt að saksóknarar í málinu séu undir ósanngjörnum pólitískum þrýstingi. Þeim finnist þeir þurfa að ná fram sakfellingu vegna þess hversu mikla umfjöllun mál Weinsteins hafa fengið vegna #MeToo-hreyfingarinnar. – **þea**

# Íranir undirbúa smíði nýrra úranskilvinda

**Yfirvöld í Íran undirbúa nú smíði nýrra skilvinda til að auðga úran. Vilja taka skilvindurnar í gagnið ef kjarnorkusamningurinn springur. Smíðin ein og sér ekki brot á samningnum. Bandaríkjamenn vara við viðskiptaháttum Írana.**

**ÍRAN** Ali Akbar Salehi, forstöðumaður kjarnorkumálastofnunar Írans, tilkynnti í gær að verið væri að undirbúa smíði nýrra skilvinda til þess að auka afkastagetu úranauðgunarversins í Natanz. Hafist var handa eftir að æðstiklerkurinn Ali Khamenei skipaði embættismönnum sínum að vera reiðubúnir að auðga úran á ný ef svo færi að kjarnorkusamningurinn svokallaði liðaðist í sundur að fullu.



**Írani við störf í Isfahan úran-auðgunarverinu.** NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína, Rússland, Þýskaland og Evrópusambandið gerðu samninginn við Íran árið 2015 eftir langar viðræður. Hann setur takmarkanir við getu Írans til að vinna að kjarnorkuáætlun sinni. Donald Trump Bandaríkjaforseti rifti samningnum af hálfu Bandaríkjanna í maí.

Síðan þá hafa Evrópuþjóðirnar reynt að halda samningnum á lífi. Íransstjórn hefur þó gagnrýnt Evrópuríkin fyrir að styðja samninginn ekki nægilega svo það sé þess virði fyrir Írana að halda í hann.

„Ef samningurinn fellur saman, og við ákveðum að setja saman nýjar skilvindur, setjum við saman nýja kynslóð skilvinda. En eins og staðan er í dag þá munum við athafna okkur innan þess ramma sem samningurinn kveður á um,“ sagði Salehi.

Samkvæmt samningnum er Írönum heimilt að smíða íhluti í skilvindur svo lengi sem þær eru ekki teknar í notkun á fyrstu tíu árunum eftir að samningurinn var undirritaður.

Gegn því að hætta vinnu að kjarnorkuáætluninni var slakað á viðskiptaþvingunum í garð Írans. Repúblikanar í Bandaríkjunum gagnrýndu þessa tilslökun og sögðu Íransstjórn með þessu fá aukið fé til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi.

Fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna varaði í gær við því sem ráðuneytið kallaði „lygavef“ Írana og sagði írönsk fyrirtæki og einstaklinga stunda glæpsamlega viðskiptahætti.
**thorgnyr@frettabladid.is**


SLÖKKTU Á SLENINU
OG KVEIKTU Á SPORTINU



Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

**Mitsubishi ASX** er fjórhjóladrifinn rúmgóður sportjeppi sem skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt. Þú situr hærra, hefur meira rými og nýtur aksturseiginleikanna. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á sleninu og kveiktu á sportinu í sumar með nýjum Mitsubishi ASX 4x4. Hlökkum til að sjá þig!

**Mitsubishi ASX Intense**
4x4, sjálfskiptur, dísil:
**3.990.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Nýtt** NEUTROGENA® Hydro Boost® Water Gel

# **2x** öflugri rakagjafi fyrir húðina*




Fær húðin næganlegan raka? Prófaðu nýja NEUTROGENA® Hydro Boost® línuna fyrir andlit og líkama með náttúrulega rakagefandi hýalúrónsýru.




Væntanlegt í júní

*Hydro Boost® Water Gel, rakaprófun 4 klst. eftir áburð

Neutrogena

ÞRÓAÐ Í SAMSTARFI VIÐ HÚÐLÆKNA

# Veiðigjöld og trúverðugleiki



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Traust almennings til Alþingis var í febrúar síðastliðnum, samkvæmt mælingum Gallup, aðeins 29 prósent. Það verður að teljast ólíklegt að þau vinnubrögð sem einkennt hafa síðustu daga í þingsal séu til þess fallin að efla og bæta ásýnd þingheims í augum og huga almennings.

Enginn getur gert þá kröfu að á Alþingi verði hlutirnir að ganga snurðulaust fyrir sig. Núningur er af hinu góða þegar hann er knúinn áfram af sannfæringu sem hafin er yfir trúarkenningar flokksins og eigin hagsmuni. Togstreitan er óumflýjanleg þegar kjörnir fulltrúar með mismunandi bakgrunn, reynslu og veraldarsýn freista þess að vinna saman. Og sem betur fer er holl togstreita og öflug skoðanaskipti oft á tíðum viðhöfð í þingsal.

Tillaga meirihluta atvinnuveganefndar, með stuðningi frá útgerðarmanni sem einnig er þingmaður Miðflokksins, um breytingu á veiðigjöldum og atburðarásin í kringum hana er hins vegar þveröfugt dæmi um það hvernig við viljum sjá okkar kjörnu fulltrúa taka höndum saman til að tryggja almannahag.

Risavaxið mál var lagt fram á síðustu stundu og afbrigða leitað. Um augljóst átakamál var að ræða. Umræða um málið kallaði á aukinn meirihluta og eftir margra klukkustunda stapp – tíma sem betur hefði verið varið í að ræða fjármálaáætlun eða nýja persónuverndarlöggjöf – var niðurstaðan sú að tillaga um að taka málið á dagskrá var felld. Annaðhvort hafa þingflokksformenn ríkisstjórnarflokkanna boðað til atkvæðagreiðslu sem óvíst væri hvernig myndi fara eða þeir voru sviknir um stuðning úr röðum stjórnarandstöðunnar. Sama hvernig á málið er litið er um meinlegan vandræðagang að ræða sem ekki á að fyrirfinnast í þingheimi.

Á sama tíma kemur í ljós að hinn stuðningsglaði þingmaður Miðflokksins, Sigurður Páll Jónsson, hafði mikilla hagsmuna að gæta sem eigandi lítillar útgerðar. Fyrirtæki hans hefði hagnast um háar fjárhæðir með samþykkt frumvarpsins. Hann svaraði Fréttablaðinu á þessa leið aðspurður um vanhæfi: „Ég er þingmaður og hef ekki skoðað mín mál í sambandi við þetta. Ég reikna með að fá afslátt enda er reksturinn þungur og margir hafa gefist upp."

Staðreyndin er sú að breytingin mun fyrst og fremst hagnast stærri útgerðum, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Tíu stærstu fyrirtækin fá helming lækkunarinnar sem nemur 2,6 milljörðum króna.

Það mikilvæga verkefni að efla traust á Alþingi er ekki aðeins verkefni ríkisstjórnar. Það er prófraun allra þingmanna, þingheims í heild, og síðustu dagar eru ömurlegur vitnisburður um framlag þeirra.

> **Það mikilvæga verkefni að efla traust á Alþingi er ekki aðeins verkefni ríkisstjórnar. Það er prófraun allra þingmanna.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Dimmar stundir**

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingkona Vinstri grænna, hefur ekki farið leynt með stjórnarsamstarf flokks hennar, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er henni þvert um geð. Hún flaggaði þessari skoðun sinni smekklega á þingi í fyrradag. Þegar þingflokksformaður hennar, Bjarkey Olsen, steig í pontu tók hún upp bókina Darkest Hour. Bókin, fjallar ekki síst um baráttu Winstons Churchill gegn friðarsamningum Breta við Hitler, Rósa Björk virtist hafa mun meiri áhuga efni hennar en boðskap Bjarkeyjar. Rósa Björk upplýsti á Fréttablaðið.is í gær að hún væri komin á 6. kafla og fyndist bókin góð.

**Er fegurðin eldsmatur?**

Elísabet Jökulsdóttir stóð fyrir gjörningi og hélt þrumuræðu við opnun málverkasýningarinnar Einskismannsland – Ríkir þar fegurðin ein? á Kjarvalsstöðum um helgina. Þar eru sýnd verk helstu listamanna þjóðarinnar allt frá árdögum íslenskrar myndlistar hvar náttúran og fegurð hennar fá sín notið á striganum. Elísabet setti sýninguna í samhengi við stóriðju og ekki síst fyrirhugaða Hvalárvirkjun og spurði hvort ekki mætti einfaldlega eyða og brenna listaverkunum af öræfunum. „Er þetta nokkurs virði nema það sé eyðilagt?"

thorarinn@frettabladid.is

# Gleymdu börnin á Íslandi



Stefán John Stefánsson
verkefnastjóri Hugarfars

Á Vesturlöndum er heilaskaði talinn ein helsta ástæðan fyrir heilsufarsvandamálum hjá börnum, unglingum og ungu fólki á fullorðinsaldri. Hér á landi eru árlega greind yfir 500 börn með heilaáverka og 200 af þeim eru börn á aldrinum 0-4 ára. Af þessum tölum má dæma að 40 börn og unglingar muni þurfa að takast á við alvarlegar afleiðingar heilaskaða til lengri tíma og oft á tíðum fram á fullorðinsár. Þessi börn þurfa á sérhæfðri endurhæfingu að halda til að lágmarka afleiðingar heilaskaða en því miður eru slík úrræði ekki í boði í heilbrigðiskerfinu.

Í dag fá einungis eitt til þrjú börn á Íslandi, af fjörutíu, greiningu og skammtímaendurhæfingu, brotabrot af þeim börnum sem þurfa á meðferð að halda.

Afleiðingar heilaskaða í æsku koma oft ekki að fullu fram fyrr en við fullorðinsárin þegar þessir einstaklingar fara að reyna að standa á eigin fótum í lífinu. Heilaskaði er fötlun sem hefur vitsmunaleg og líkamleg áhrif á einstaklinginn.

**Fá ranga meðferð**

Hvað verður um hin 37 börnin? Jú, þau gleymast. Á hverju ári má gera ráð fyrir því að um 37 börn sem ekki hljóta viðeigandi meðferð verði út undan og að náms- og félagsfærni þeirra hraki.

Mörg af þessum börnum fá ranglega greiningu um AD/HD eða einhverfu og af þeim sökum fá þau ranga meðferð og jafnvel röng lyf. Þrátt fyrir að einkenni séu svipuð er um ólíka hluti að ræða sem þarfnast ólíkrar meðferðar.

**Mikið í húfi**

Það er mikið í húfi og nauðsynlegt að sinna þessum gleymdu börnum og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í samfélaginu sem virkir einstaklingar.

Heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefur nú skipað starfshóp sem fer vandlega yfir stöðu fólks með ákominn heilaskaða og þar með talið börnin okkar. Sérhæfð íhlutun er ekki til staðar á Íslandi og úr því þarf sannarlega að bæta.

> **Á hverju ári má gera ráð fyrir því að um 37 börn sem ekki hljóta viðeigandi meðferð verði út undan og að náms- og félagsfærni þeirra hraki.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Opið bréf til heilbrigðisráðherra



Anna Björnsdóttir
taugalæknir

Kæra Svandís.

Eins og þér er kunnugt um er ég taugalæknir með sérmenntun í Parkinsonsjúkdómi og öðrum hreyfiröskunum. Ég hef lokið 12 árum af formlegu háskólanámi til að sérmennta mig í meðferð Parkinsonsjúklinga nú síðast á Duke háskólasjúkrahúsinu í Bandaríkjunum.

Á Íslandi má ætla að um 820 sjúklingar séu með Parkinsonsjúkdóm. Um 55 greinast árlega með sjúkdóminn og ætla má að fjöldi sjúklinga muni aukast vegna vaxandi aldurs þjóðarinnar.

Sjúklingar með Parkinsonsjúkdóm lifa jafnlengi og aðrir en við lakari lífsgæði m.a. vegna skertrar hreyfigetu. Góður fréttirnar eru þær að það er til frábær meðferð gegn einkennum sjúkdómsins. Rétt lyfjameðferð getur gert sjúklinginn nær einkennalausan í nokkur ár eftir greiningu. Þegar á líður verður meðferð sjúkdómsins oft afar flókin og sjúklingarnir þurfa jafnvel að taka lyf 6-8 sinnum á dag. Þá getur svokölluð DBS skurðaðgerð, þar sem rafskautum er komið fyrir í heila sjúklings, verið kjörmeðferð og aukið lífsgæði sjúklingsins ótrúlega.

Nú gætir þú spurt: Af hverju skiptir það máli að Parkinsonsjúklingar fái sérhæfða meðferð hjá taugalæknum með sérhæfingu í sjúkdómnum? Það er vegna þess að greining og meðferð sjúkdómsins er einungis byggð á viðtali og skoðun taugalæknis. Engin blóðrannsókn eða myndgreining getur greint sjúkdóminn eða metið meðferðarárangur. Þekking á einkennum sjúkdómsins, þróun hans, lyfjunum og aukaverkunum þeirra eru grundvöllur þess að sjúklingur fái sem besta meðferð. Þó allir Parkinsonsjúklingar ættu að hitta taugalækni einu sinni á ári þurfa margir að koma mun örar til endurmats. Sé sjúklingunum ekki sinnt af kostgæfni getur þeim hrakað hratt. Ef þeir detta og beinbrotna er mikil hætta á hraðri afturför því sjúklingarnir eru mjög viðkvæmir fyrir hreyfingarleysi og löngum innlögnum á sjúkrahús sem oft veldur því að sjúklingar þarfnast langtímahjúkrunar á hjúkrunarheimilum. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að sjúklingarnir fái viðeigandi meðferð frá byrjun til að fyrirbyggja fylgikvilla á borð við föll.



Enginn Parkinsonsjúklingur ætti að þurfa að leggjast inn á sjúkrahús til mats og meðferðar Parkinsonsjúkdómsins sjálfs heldur ætti þeim öllum að vera sinnt á göngudeild. Þetta er því miður ekki raunin á Íslandi í dag þar sem aðgengi Parkinsonsjúklinga að taugalæknum er afar slæmt. Í verstu tilvikum þurfa sjúklingar með versnun á langvinnum sjúkdómi á borð við Parkinsonsjúkdóm að leita á bráðamóttöku Landspítala til þess eins að fá brátt viðtal við taugalækni. Þetta er afskaplega slæm nýting á úrræðum bráðamóttökunnar, býður ekki upp á eftirfylgd eða samfellu í meðferð og er því afar slæmur kostur.

Þú gætir verið að velta fyrir þér af hverju ég fari ekki að vinna á Landspítalanum? Svarið við því er einfalt: Staða taugalæknis er ekki laus á Landspítalanum. Spítalinn hefur einnig þurft að einbeita sér að meðferð bráðveikra á legudeildum en þar á ekki að sinna Parkinsonsjúklingum og sjúklingum með aðrar hreyfiraskanir. Það á að gera á göngudeildum. Þó að stefna heilbrigðisyfirvalda sé að slíkt gerist í vaxandi mæli á Landspítalanum er raunin ekki sú í dag.

Kæra Svandís. Nú hefur ráðuneyti þitt hafnað því að ég fái að starfa eftir samningi Sjúkratrygginga Íslands við sjálfstætt starfandi sérfræðilækna við að sinna Parkinsonsjúklingum og öðrum taugasjúklingum. Þetta var gert án þess að taka tillit til fyrirliggjandi gagna frá Landlækni um skort á taugalæknum, álits Sjúkratrygginga um að brýn þörf væri á taugalæknum og raka minna og annarra taugalækna. Ég hef ekki áhuga á málaferlum til að geta sinnt mínum sjúklingahópi á Íslandi.

**Ég skora á þig að leyfa mér að koma heim til Íslands með þá þekkingu sem ég hef í farteskinu og sinna þjónustu sem er augljóslega mikill skortur á. Það væri Parkinsonsjúklingum og öðrum taugasjúklingum til mikilla heilla.**

Það er ósanngjarnt að fólk þurfi að bíða svo mánuðum skipti til að komast til læknis eða að ákveðnir sjúklingahópar þurfi að bera meiri kostnað af sínum læknisheimsóknum því að ráðuneyti þitt hefur ákveðið að hætta aðkomu ríkisins að kostnaði við læknisheimsóknir til nýrra sérfræðilækna, óháð þörf á þjónustu þeirra.

Ég er fullviss um að við höfum báðar mikinn metnað til að standa okkur vel fyrir íslenska sjúklinga. Ég skora á þig að leyfa mér að koma heim til Íslands með þá þekkingu sem ég hef í farteskinu og sinna þjónustu sem er augljóslega mikill skortur á. Það væri Parkinsonsjúklingum og öðrum taugasjúklingum til mikilla heilla.



VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

ÚRVAL ÚTSÝN

# VERTU SÓLARMEGIN Í LÍFINU

## MEÐ ÚRVAL ÚTSÝN

ÍSLENSK FARARSTJÓRN
SKOÐUNARFERÐIR Í BOÐI

**MALLORCA** 17.–24. JÚNÍ
★★ **HOLIDAY PARK**
VERÐ FRÁ **65.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 87.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**ALMERÍA** 28. JÚNÍ – 5. JÚLÍ
★★★ **PIERRE VACANCES**
VERÐ FRÁ **69.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLFT FÆÐI
**BENIDORM** 28. JÚNÍ –6. JÚLÍ
★★★★ **MELIA BENIDORM**
VERÐ FRÁ **99.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með **HÁLFU FÆÐI.** Verð frá 111.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**MALLORCA** 5.–12. ÁGÚST
**SOL ALCUDIA CENTER** ★★★
VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Verð frá 135.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**ALMERÍA** 9.–16. ÁGÚST
**ARENA CENTER** ★★★★
VERÐ FRÁ **73.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíóíbúð.
Verð frá 93.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**KANARÍ** 14.–21. ÁGÚST
**BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL** ★★★
VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi með 2 svefnherbergjum.
Verð frá 114.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**MALLORCA** 19.–26. ÁGÚST
**VISTA CLUB** ★★★
VERÐ FRÁ **62.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Verð frá 87.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



**BENIDORM** 23.–31. ÁGÚST
**MILORDS SUITES** ★★★
VERÐ FRÁ **69.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Verð frá 99.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.




**BENIDORM** 30. ÁGÚST – 7. SEPTEMBER
**BALI** ★★★★
VERÐ FRÁ **79.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **HÁLFU FÆÐI.**
Verð frá 102.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

**INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA OG HANDFARANGUR.**






**KANARÍ** 14.–21. ÁGÚST

## BAOBAB RESORT ★★★★★

Glæsilegt 5 stjörnu hótel með frábærum garði á góðum stað í Maspalomas / Meloneras. Herbergin eru glæsilega innréttuð og þar er nánast allur hugsanlegur lúxus. Frá svölum er útsýni yfir hafið, heillandi sandöldur, pálmalundi eða fjöll í fjarska. Stór og mikilfenglegur sundlaugargarður og góð aðstaða til sólbaða.

VERÐ FRÁ **119.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með garð- eða fjallasýn og **MORGUNVERÐI.**
Verð frá 145.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.




KYNNING Á FERÐINNI 11. JÚNÍ KL. 17 HLÍÐASMÁRA 19

MIKIÐ INNIFALIÐ

**VILLI** FARARSTJÓRI

**BÓI** FARARSTJÓRI

**SUÐUR-AFRÍKA** 31. OKTÓBER – 14. NÓVEMBER

## FRAMANDI OG FÖGUR

VERÐ FRÁ **489.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Mikið innifalið, nánar í ferðalýsingu.




**SR. HJÁLMAR JÓNSSON** FARARSTJÓRI

**SIGLING** 27. OKTÓBER – 7. NÓVEMBER

## BAHAMA & JÓMFRÚAEYJAR

VERÐ FRÁ **398.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.




NÝTT! GOLFBÍLL INNIFALINN

HAUSTFERÐIR KOMNAR

HAUST 2018

## EL PLANTIO GOLF ALICANTE

VERÐ FRÁ **154.900 KR.**

Verð á mann m.v. 4 fullorðna. Golfbílar og íslensk fararstjórn.

# NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

OG HJÁ FERÐARÁÐGJÖFUM Í SÍMA 585 4000

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

**ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGI | 585 4000 | UU.IS**

# Æfingaplanið sett upp til að toppa á Evrópumótinu í haust

**Aníta Hinriksdóttir hefur verið búsett í Hollandi síðasta eina og hálfa árið, en þar hefur hún lært mikið og bætt sig umtalsvert. Aníta reyndi sig í míluhlaupi um síðustu helgi með góðum árangri, en ætlar þó að einbeita sér áfram að 800 og 1500 metra hlaupum. Evrópumeistaramótið í Berlín er stærsta mót sumarsins.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Aníta Hinriksdóttir stórbætti Íslandsmetið í einnar mílu hlaupi á móti sem haldið var í Hengelo í Hollandi um síðustu helgi. Aníta hefur sérhæft sig í 800 og 1500 metra hlaupum, en ein míla er rúmir 1600 metrar.

Aníta kom í mark á 4:29,20 mínútum og stórbætti Íslandsmet Chelsey Kristinu Birgisdóttur frá 2009 eða um rúmlega 17 sekúndur. Hún segir taktíkina nokkuð frábrugðna þegar um 1500 og rúmlega 1600 metra hlaup hafi verið að ræða.

Það hafi verið gaman að prófa nýja vegalengd en aðaláherslan muni áfram vera á 800 og 1500 metra hlaup.

„Þetta hlaup var sett upp fyrir hollenska hlaupastjörnu sem býr hér á svæðinu, en hún mætti reyndar ekki til leiks. Þetta var bara skemmtilegt og það var gaman að bæta Íslandsmetið. Það verður hins vegar að hafa það í huga að það eru fáir sem engir Íslendingar sem hafa einblínt á þessa vegalengd í gegnum tíðina og þessa stundina. Þessi vegalengd er mikið notuð í Bandaríkjunum, en ekki eins mikið í Skandinavíu og Evrópu," sagði Aníta um tildrög þess að hún hljóp þessa vegalengd og frammistöðu hennar.

„Ég hef hlaupið áður 1500 metra, en það munar töluvert um þessa auka 100 metra hvað taktík og aðferðafræði varðar. Hlaupið fór nokkuð hægt af stað og ég sprengdi aðeins upp hraðann og vanmat það hvað auka 100 metrarnir í lokin eru erfiðir þegar það er búið að hlaupa svona langa vegalengd. Þetta gekk hins vegar bara vel og aldrei að vita nema ég prufi þetta aftur," sagði Aníta enn fremur um hlaupið.

**Æfir í Hollandi**

Hún segir að nú muni hún einbeita sér aftur að þeim vegalengdum sem hún hefur keppt í undanfarin ár.



Aníta bætti níu ára gamalt Íslandsmet Chelsey í Hollandi um helgina um sautján sekúndur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Aðstaðan hér í Hollandi, sérstaklega yfir sumartímann, er frábær. Það er gott að geta hlaupið í skógunum í tuttugu stiga hita.

„Nú fer ég að einblína aftur á 800 og 1500 metrana. Ég mun taka þátt í 800 metra hlaupi á móti sem haldið er í tengslum við Demantamótaröðina í Stokkhólmi um helgina. Þar á eftir er svo mót í Ostrava í Tékklandi sem Alþjóða frjálsíþróttasambandið heldur," sagði Aníta um framhaldið hjá sér.

Aníta býr þessa dagana í Hollandi þar sem hún æfir en hún hefur búið á meginlandinu í um átján mánuði.

„Ég hef verið hér í Hollandi í um það bil eitt og hálft ár við æfingar og keppni undir handleiðslu hollensks þjálfara. Ég hef lært mikið hér á nýjum stað og aðstaðan, þá sérstaklega yfir sumartímann, er afar góð. Það er frábært að hlaupa í hollensku skógunum í um það bil 20 gráðu hita. Planið er hins vegar að koma heim eftir mótið í Ostrava og svo aftur í júlí til þess að hlaða batteríin aðeins. Svo hefjast æfingar af fullum krafti fyrir Evrópumeistaramótið sem fram fer í Berlín í ágúst. Það er stærsta mótið sem ég tek þátt í á þessu sumri. Æfingaplanið gengur út frá því að toppa á þeim tíma," sagði Aníta um komandi verkefni hjá sér.

„Ég mun svo taka stöðuna næsta haust og ákveða hvort ég held áfram að vera búsett í Hollandi og vera við æfingar þar. Eins og staðan er núna lítur allt út fyrir að ég verði áfram þar, en ég hef hins vegar ávallt tekið bara eitt keppnistímabil í einu og mun bara fara yfir málin þegar sumarið er búið og taka ákvörðun um hvernig næsta keppnistímabil verður." **hjorvaro@frettabladid.is**

# Finnur sem allt vinnur yfirgefur KR eftir farsæl ár

**KÖRFUBOLTI** Finnur Freyr Stefánsson, eða Finnur sem allt vinnur eins og hann er kallaður, tilkynnti í gær að hann væri hættur störfum sem þjálfari karlaliðs KR í körfubolta. Fimm ára samningur hans sem hann skrifaði undir árið 2013 rennur út í sumar og hefur hann ákveðið að draga sig í hlé. Hefur hann starfað við körfuboltaþjálfun hjá félaginu frá 1999 en óvíst er hvert næsta skref hans er.

Finnur tók við liðinu af Helga Má Magnússyni sumarið 2013 og byrjaði af krafti. Á fyrsta ári hans unnust tveir titlar af þeim stóru þremur. Á þessu ári vann KR 30 af 33 leikjum sínum en féll snemma úr leik í bikarkeppninni.

Reyndist þetta aðeins upphafið en uppskeran var sú sama ári síðar, deildar- og Íslandsmeistarar eftir 33 sigra í 39 leikjum í öllum keppnum. Næstu tvö ár eftir það vann KR alla þrjá stærstu bikarana, deildarbikar- og Íslandsmeistaratitilinn, en á þessum tímapunkti var KR búið að vinna tíu af tólf titlunum sem í boði voru undir stjórn Finns.

Síðasta tímabilið reyndist erfiðra en oft áður, KR tapaði sjö leikjum og varð ekki deildarmeistari í fyrsta sinn undir stjórn Finns. Þrátt fyrir það tókst honum að stýra KR til sigurs í úrslitakeppninni og landa fimmta Íslandsmeistaratitlinum í röð en það var ellefti bikar hans á aðeins fimm árum.

Er hann sigursælasti þjálfarinn í sögu efstu deildar karla ásamt Sigurði Ingimundarsyni með fimm meistaratitla.

„Tilfinningin er mjög blendin eftir að hafa tekið þessa ákvörðun. Ég er sáttur við að hafa ákveðið mig en er um leið sorgmæddur yfir að kveðja stað sem hefur verið mitt annað heimili undanfarna tvo áratugi tæpa," sagði Finnur er Fréttablaðið heyrði í honum en honum langar í nýja áskorun.

„Það verður skrýtið að vera ekki að þjálfa úti í KR næsta haust, en mér fannst þetta vera komið gott og tími á nýja áskorun. Þetta hefur verið frábær tími, en undir lokin var komin þreyta í mig og þá fannst mér rétt að stíga frá borði og hleypa fersku blóði að."


Finnur fagnar þeim fimmta í röð í KR-heimilinu í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**11**
**titla vann KR á þeim 5 árum sem Finnur stýrði liðinu.**

Finnur hefur heyrt af áhuga erlendis. „Það hafa komið fyrirspurnir að utan og ég hef áhuga á að spreyta mig í því en það er aðeins á grunnstigi. Ég er ekki stressaður á því að finna starf strax en er með eyrun opin," sagði Finnur og bætti við: „Nú er kominn tími til að eyða tíma með fjölskyldunni, rækta líkama og sál og vinna í golfsveiflunni." – **kpt**

**10 DAGAR í HM**



**Gylfi Þór Sigurðsson**

**Aldur:** 28 ára
**Staða:** Miðjumaður
**Félag:** Everton
**Landsleikir:** 56/19 mörk

## United byrjað að styrkja liðið

**FÓTBOLTI** Manchester United er byrjað að láta til sín taka á leikmannamarkaðnum en í gær tilkynnti félagið að samkomulag hefði náðst við Shakhtar Donetsk um kaupverðið á Brasilíumanninum Fred. Greiðir enska félagið tæpar fimmtíu milljónir punda fyrir Fred sem er í brasilíska landsliðshópnum sem fer til Rússlands.

Er hann fjórði dýrasti leikmaðurinn í sögu félagsins á eftir Angel Di Maria, Romelu Lukaku og Paul Pogba. Verður hann sjöundi Brasilíumaðurinn sem leikur fyrir Manchester United.

Á sama tíma fjölluðu enskir miðlar um að Diogo Dalot, portúgalskur bakvörður frá Porto, hefði staðist læknisskoðun hjá félaginu. Greiðir Manchester United riftunarverðið í samningi Dalots, tuttugu milljónir evra, en hann hefur aðeins leikið sex leiki fyrir portúgalska stórveldið Porto. – **kpt**

## Hópurinn kynntur í dag

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson heldur blaðamannafund í dag þar sem hann tilkynnir þá sextán leikmenn sem taka þátt í leikjunum gegn Litháen. Eru leikirnir hluti af undankeppni Heimsmeistaramótsins 2019 og fær sigurvegarinn þátttökurétt á mótinu sem fram fer í Þýskalandi og Danmörku.

Verða þetta fyrstu keppnisleikirnir undir stjórn Guðmundar eftir að hann tók við liðinu í þriðja sinn í febrúar. Leikið verður ytra á föstudaginn og í Laugardalshöll á miðvikudaginn.

Hefur Litháen aðeins einu sinni komist inn á HM í Japan 1997 en Ísland hefur verið meðal þátttakenda á undanförnum fjórum mótum. – **kpt**

## Íranar fyrstir til Rússlands

**FÓTBOLTI** Íranska landsliðið varð í gær fyrsta keppnisliðið til að mæta til Rússlands fyrir Heimsmeistaramótið er liðið kom til Moskvu. Er þetta í fimmta sinn sem Íranir keppa á HM en þeim hefur aldrei tekist að komast upp úr riðlinum. Munu Íranir, undir stjórn Carlos Queiroz, æfa í Moskvu á næstu dögum en fyrsti leikur þeirra fer fram í Pétursborg föstudaginn 15. júní.

Átta dagar eru í opnunarleikinn og fara þjóðirnar sem keppa á HM að streyma til Rússlands á næstu dögum. Strákarnir okkar mæta Gana í æfingaleik á morgun en þeir halda til Rússlands á laugardaginn þar sem þeir munu dvelja í æfingarbúðum í Gelendzhik. – **kpt**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. júní 2018 | 22. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










# Lágt útboðsgengi Arion hreyfir við fjárfestum

Talið var nauðsynlegt að verðleggja Arion banka lágt í hlutafjárútboði bankans til þess að auka áhuga erlendra fjárfesta á útboðinu. Lága gengið hefur hreyft við fjárfestum en til marks um það er pantanabók fyrir fjórðungshlut í bankanum þegar orðin full. Erlendir sjóðir eru hvað fyrirferðarmestir. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



»2

## Bátasmiðjan Rafnar hættir rekstri á Íslandi

Öllu starfsfólki Rafnars hér á landi hefur verið sagt upp störfum. Fyrirtækið flytur til útlanda. Framkvæmdastjóri Rafnars segir erfitt að standa í rekstrinum hér á landi.

»4

## Hækkandi olíuverð bitnar á ferðaþjónustu

Verð á þotueldsneyti hefur hækkað um 50 prósent á einu ári. Icelandair ver um 50 prósent af eldsneytiskaupum ársins á meðan WOW gerir það ekki. Stór kostnaðarliður flugfélaganna.

»8

## Breskar verslanir berjast í bökkum

Breskar verslanakeðjur glíma við gjörbreytt samkeppnisumhverfi. Stjórnendur House of Fraser hafa vísað á bug fregnum um að keðjan standi á barmi gjaldþrots. Búist er við því að hundruðum verslana í landinu verði lokað á næstu mánuðum.




# Fjárfestar skoða kaup á kröfu á Valitor

Tveir erlendir kröfukaupendur hafa sýnt áhuga á að festa kaup á kröfu í skaðabótamáli Datacell og Sunshine Press á hendur greiðslukortafyrirtækinu Valitor, samkvæmt heimildum Markaðarins.



Sveinn Andri Sveinsson.

Wikileaks tók við styrkjum í gegnum greiðslugátt sem Datacell og Sunshine Press Production (SPP) ráku. Hið síðarnefnda félag er að mestu í eigu Julians Assange, stofnanda vefsíðunnar. Greiðslugáttin var opnuð 7. júlí 2011 en degi síðar sleit Valitor samningum fyrirvaralaust. Hæstiréttur sló því föstu með dómi vorið 2013 að riftun samningsins væri ólögmæt. Frá þeim tíma hafa málaferli staðið um skaðabótakröfur vegna riftunar og hefur deilan einkum snúist um þær forsendur sem leggja eigi til grundvallar við mat á fjártjóni og þar með fjárhæð skaðabóta. Dómkvaddir matsmenn mátu tjónið á 3,2 milljarða.

Heimildir Markaðarins herma að Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Datacell og SPP, hafi að undanförnu reynt að ná samkomulagi við Valitor sem hafi hljóðað upp á um tvo milljarða króna. – **hvj**

# EasyJet fjárfestir í Dohop

Breska lággjaldaflugfélagið EasyJet hefur lánað íslenska nýsköpunarfyrirtækinu Dohop 2,25 milljónir evra, jafnvirði 279 milljóna króna. Flugfélagið getur breytt láninu í 15 prósenta hlut í Dohop við lok lánstímans. Þetta staðfestir Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop.

„EasyJet á í nánu samstarfi við Dohop. Flugfélagið býður upp á vöruna Worldwide by EasyJet sem aðstoðar viðskiptavini við að finna tengiflug í gegnum önnur flugfélög. Tæknin er knúin af Dohop og EasyJet lítur á þetta verkefni sem lykilstef í vexti félagsins til framtíðar," segir Davíð í samtali við Markaðinn sem bendir á að miðað við farþegafjölda sé EasyJet áttunda stærsta flugfélag í heimi. Starfsmenn Dohop séu um 35.



**Davíð Gunnarsson, forstjóri Dohop**

**» EasyJet lánaði Dohop 2,3 milljónir evra eða tæplega 300 milljónir. Láninu má breyta í 15 prósenta hlut í íslenska fyrirtækinu.**

Að hans sögn liggur tvennt til grundvallar fjárfestingunni í Dohop. Annars vegar sé EasyJet að tryggja að nýsköpunarfyrirtækið hafi fjárhagslegt bolmagn til að takast á við krefjandi verkefni fyrir flugfélagið. Hins vegar sé um stórt fjárfestingartækifæri að ræða sem þeir vilji taka þátt í.

Rætur Dohop liggja í að finna hagkvæmustu flugfargjöldin fyrir viðskiptavini í gegnum netið. „Á þeim markaði er hart barist. Í gegnum þá vinnu bjuggum við til tækni sem enginn annar í heiminum býður upp á og hentar vel fyrir lággjaldaflugfélög sem vilja fara í samstarf við önnur flugfélög um að finna tengiflug. Dohop stendur frammi fyrir áhugaverðu tækifæri og er áhersla fyrirtækisins nú meira á því sviði þótt áfram verði boðið upp á flugleit á vefnum okkar. Við erum í viðræðum við um 100 flugfélög í fimm heimsálfum um samstarf. Núna erum við með einn viðskiptavin á þessu sviði en reiknum með að þeir verði fjölmargir í framtíðinni." – **hvj**



**Fyrirtækið hefur hannað byltingarkenndan skrokk sem vakið hefur heilmikla athygli erlendis.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bátasmiðjan Rafnar hættir rekstri á Íslandi

**Öllu starfsfólki Rafnars hér á landi hefur verið sagt upp störfum. Fyrirtækið flytur til útlanda. Framkvæmdastjóri Rafnars segir erfitt að standa í rekstrinum hér á landi og glíma við íslensku krónuna. Markaður fyrirtækisins sé erlendis.**

Bátasmiðjan Rafnar ehf. hefur sagt upp öllu starfsfólki sínu og flytur fyrirtækið til útlanda. Í rúman áratug hefur fyrirtækið þróað, hannað og smíðað nýja tegund báta og hefur skrokkhönnun þeirra náð athygli erlendra aðila. Björn Jónsson, framkvæmdastjóri Rafnars, segir þetta erfiða en nauðsynlega aðgerð í þróun fyrirtækisins.

„Það má segja að fyrirtækið sé að slíta barnskónum og er að verða að fullvaxta einstaklingi. Markaður fyrirtækisins er erlendis og það er erfitt að standa í þessum rekstri hér á landi og eiga við íslenskan gjaldmiðil," segir Björn í samtali við Markaðinn.

Síðustu ár hafa frumgerðir báta fyrirtækisins verið smíðaðar á Kársnesi í Kópavogi og í framhaldi hafa bátarnir verið kynntir og seldir innlendum aðilum á borð við Landhelgisgæslu Íslands og til ýmissa björgunarsveita, og til erlendra stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. „Við höfum fengið afar góðar viðtökur erlendis og þessi nýja hönnun okkar hefur reynst afar vel. Því eru núna uppi viðræður um að smíði þessara skipa verði fram haldið erlendis fyrir erlendan markað," segir Björn.

**436**

**milljónir króna var tap á rekstri Rafnars árið 2016.**

**Ekki samkeppnishæft um verð**

Ástæður þess að fyrirtækið hættir rekstri sínum hér á landi eru að mestu vegna erfiðra skilyrða í íslensku efnahagslífi, að sögn Björns. „Það umhverfi sem við búum við hér á landi, með sterku gengi krónunnar og að vera svona langt frá okkar meginmörkuðum, veldur því að við erum ekki samkeppnishæfir um verð," bætir Björn við. „Þessir þættir sem og óhagstæð viðskiptakjör birgja fyrir lítinn íslenskan markað valda því að við þurfum að endurskoða fyrirtækið."

Björn segir það þyngst að þurfa að segja upp því góða starfsfólki sem hefur starfað hjá fyrirtækinu. „Það er auðvitað sárast að þurfa að segja öllum upp og loka starfsstöðinni hér í Kópavogi. Hér munu allir starfsmenn hætta að mér meðtöldum. En því miður teljum við þetta skref óhjákvæmilegan hlut í þróun fyrirtækisins."

Rafnar tapaði tæpum 436 milljónum króna árið 2016 en tapið var um 513 milljónir árið áður. Félagið hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir síðasta ár. Eignirnar námu rúmlega 663 milljónum króna í lok árs 2016 en á sama tíma var eigið fé um 368 milljónir og eiginfjárhlutfallið 56 prósent. Alls starfaði 21 starfsmaður hjá fyrirtækinu í lok síðasta árs.

Rafnar er hugarfóstur Össurar Kristinssonar, stofnanda stoðtækjaframleiðandans Össurar, en hann hefur fjármagnað uppbygginguna fyrirtækisins frá stofnun árið 2005. Fram kom í Morgunblaðinu í desember í fyrra að heildarframlag Össurar til fyrirtækisins næmi um fimm milljörðum. Össur sagðist í viðtali við blaðið hafa óbilandi trú á fyrirtækinu og framleiðslunni sem það byggir grundvöll sinn á. Hins vegar væri komið að þeim tímapunkti að fleiri kæmu að enda væri það nauðsynlegt til þess að fyrirtækið gæti þróast áfram.

**sveinn@frettabladid.is**
**kristinningi@frettabladid.is**

# Kanadískur auðmaður á eitt prósent í Heimavöllum og gefur kost á sér í stjórn

Arthur Irving yngri, fyrrverandi forstjóri kanadíska olíufélagsins Irving Oil, býður sig fram í stjórn Heimavalla á hluthafafundi félagsins sem verður haldinn á föstudag. Irving er hluthafi í íbúðaleigufélaginu en félag hans, Nilock Capital Corporation, fór með eins prósents hlut í Heimavöllum í lok síðasta árs.



Arthur Irving.

Irving yngri er afabarn Kenneths Colins Irving heitins sem byggði fjölskylduveldið upp frá grunni en hann opnaði fyrstu bensínstöð Irving Oil árið 1924, þá 25 ára að aldri. Fjölskyldan er vellauðug og kemur víða við. Á ættarveldið ráðandi hlut í hundruðum fyrirtækja í olíuiðnaði, olíuhreinsun, smásöluverslun, iðnaði og fjölmiðlum, svo eitthvað sé nefnt. Mest eru umsvifin í héraðinu New Brunswick í Kanada þar sem Irving yngri býr.

Faðir hans, Arthur Irving eldri, er einn ríkasti maður Kanada en auður hans er metinn á bilinu 5,8 til 9,5 milljarða dala. Hann á að fullu olíufélag fjölskylduveldisins, Irving Oil, en þar starfaði sonurinn sem forstjóri til fjölda ára.

Samkvæmt heimildum Markaðarins nýtur Irving stuðnings nokkurra stærri hluthafa Heimavalla og eru taldar sterkar líkur á því að hann verði kjörinn í stjórn íbúðaleigufélagsins á hluthafafundinum á föstudag.

Átta bjóða sig fram í fimm sæti í stjórnarkjöri félagsins. Þrír stjórnarmenn, Anna Þórðardóttir, Halldór Kristjánsson og Hildur Árnadóttir, bjóða sig fram til áframhaldandi setu, en auk þeirra gefa kost á sér þau Irving, Björk Þórarinsdóttir, Einar Símonarson, Erlendur Magnússon og Vilhjálmur Bergs. – **kij**


MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is



**Viðskiptatækifæri!**

**Vel rekið fjölskyldufyrirtæki til sölu**

Fyrirtækið selur eigin framleiðslu og vörur til fyrirtækja og einstaklinga. Fyrirtækið er með sterk viðskiptasambönd, eigin innflutning og góðar og stöðugar arðgreiðslur.
Sömu eigendur frá upphafi hátt í tvo áratugi og er í eigin húsnæði á áberandi stað.
Miklir vaxtamöguleikar fyrir rétta aðila.

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland

Nánari upplýsingar: Guðni Halldórsson, gudni@kontakt.is og Gunnar Svavarsson, gunnar@kontakt.is

Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu að undangenginni undirskrift trúnaðaryfirlýsingar.




brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

# Hærra olíuverð bitnar á ferðaþjónustu

**Verð á þotueldsneyti hefur hækkað um 50 prósent á einu ári. Hærra olíuverð gæti þýtt hærra flugmiðaverð sem gæti dregið úr fjölda ferðamanna. Greinandi segir að hækkanir á eldsneytisverði hafi gert það enn mikilvægara fyrir rekstur flugfélaga að fargjöld hækki.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





Icelandair dempar verðsveiflur á eldsneyti með því að verja 50 prósentum af eldsneytiskaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hækkandi olíuverð bitnar á ferðaþjónustunni því það gæti dregið úr fjölda ferðamanna til Íslands. Þetta bætist við vandann sem fylgt hefur auknum launakostnaði á Íslandi á umliðnum árum,“ segir Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent. „Olíuverðshækkunum er á einhverjum tímapunkti velt út í flugfargjöld. Dýrari flugmiðar leiða til þess að eftirspurn eftir flugi minnkar. Það hefur aftur þau áhrif að nýting flugvéla minnkar og dregur úr afkomu þeirra.“

Verð á þotueldsneyti hefur hækkað um 50 prósent á einu ári. Undanfarinn mánuð hefur það hækkað um 2,6 prósent. Það lækkaði hins vegar í vikunni um 1,2 prósent, samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðasamtökum flugfélaga (IATA).

Snorri bendir á að ferðaþjónustan hafi notið mikils meðbyrs frá árinu 2015 af sögulega lágu olíuverði sem hafi leitt til þess að fargjöld voru lág. „Það vill gleymast í umræðunni.“

**Stór útgjaldaliður**

Um er að ræða næststærsta kostnaðarlið Icelandair Group á eftir launum og þróun hans hefur töluverð áhrif á reksturinn. Í fyrra var kostnaður Icelandair Group við kaup á flugvélaeldsneyti 23% af tekjum flugrekstrar og um 19% af heildarkostnaði samstæðunnar.

Snorri segir að á undanförnum fimm árum hafi launakostnaður Icelandair Group hækkað meira en tekjurnar. Samt sem áður hafi tekjurnar vaxið mikið á milli ára.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir að nýlegar hækkanir á eldsneytisverði hafi gert það enn mikilvægara fyrir rekstur flugfélaga að meðalfargjöld hækki, eftir hækkanir síðastliðins árs.

> **Við höfum ekki séð hækkun eldsneytis nú fara beint út í verðlagið. Alls ekki.**
>
> Bogi Nils Bogason, Icelandair





Elvar Ingi Möller, Arion banka



Snorri Jakobsson, Capacent

Fram kom á fréttavefnum Túrista í gær að stjórnendur lággjaldaflugfélagsins Norwegian hafi sagt að hækkandi olíuverð gæti fljótlega skilað sér út í verðlag flugmiða.

**Ekki farið beint í miðaverð**

Bogi Nils Bogason, fjármálastjóri Icelandair Group, segir að til lengri tíma sé fylgni á milli eldsneytisverðs og fargjalda í flugi. „Við höfum ekki séð hækkun eldsneytis nú fara beint út í verðlagið. Alls ekki,“ segir hann. Nokkur töf sé á að verðlagshækkunum á eldsneyti sé fleytt út í flugfargjöld. Það má meðal annars rekja til þess að almennt á markaðnum séu farmiðar seldir fyrir fram. „Auk þess er mikil samkeppni á okkar markaði, bæði á Íslandsmarkaði og yfir hafið, og mikill verðþrýstingur niður á við.“ Í sumar muni 28 flugfélög fljúga til Íslands en fyrir nokkrum árum hafi þau verið örfá.

Að sögn Boga Nils hefur meðalverð Icelandair hækkað á milli ára á fyrsta ársfjórðungi. Fram kom í afkomukynningu Icelandair Group fyrir fyrsta ársfjórðung að mikil óvissa ríki um þróun meðalfargjalda en vísbendingar séu um að þau fari hækkandi. Bogi Nils segir að sérfræðingar reikni með að meðalverð flugfélaga muni hækka til þess að flugfélögin geti staðið undir þessum kostnaðarhækkunum.

„Kostnaðarhækkanir hafa neikvæð áhrif á afkomuna þegar það er ekki hægt að koma þeim beint út í verðlag. En það mildast hjá okkur því við verjum kaupin. Meiri áhrifa gætir væntanlega hjá þeim flugfélögum sem eru óvarin,“ segir hann.

**Dregur úr hagnaði flugfélaga**

Alexandre je Juniac, forstjóri IATA, sagði við Bloomberg á fimmtudaginn að eldsneytishækkanir muni draga „verulega“ úr hagnaði flugfélaga á milli ára. Hagnaður flugfélaga verði samt sem áður með ágætum.

Fram kom í téðri afkomukynningu Icelandair Group að teknu tilliti til varna megi gera ráð fyrir að 10 prósenta hækkun á eldsneytisverði hafi neikvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð 10,7 milljónir dollara, jafnvirði 1,1 milljarðs króna í ár. Stjórnendur gera ráð fyrir að EBITDA Icelandair Group verði 170-190 milljónir dollara í ár.

WOW ver ekki eldsneytiskaup sín, að því er fram hefur komið í fjölmiðlum. Bogi Nils segir að Icelandair Group dempi sveiflurnar í eldsneytisverði með því að verja áætluð eldsneytiskaup. En það sé ekki hægt að koma í veg fyrir þær til lengri tíma litið. Kaupin séu 50-60 prósent varin næstu tólf mánuði og næstu sex mánuði þar á eftir sé hlutfallið 20 prósent. „Við viljum minnka sveiflur í rekstrinum og hafa hóflegar varnir,“ segir hann spurður um ástæður varnanna.

Fram kemur í frétt Bloomberg að Ryanair verji 90 prósent af eldsneytiskaupum ársins, EasyJet um 76 prósent, SAS 47 prósent og Norwegian 27 prósent. Fram kom í frétt Reuters í janúar að fjögur af stærstu flugfélögum heims höfðu ekki í hyggju að verja eldsneytiskaup sín. Það eru bandarísku flugfélögin Delta, American, United auk Emirates frá Dúbaí.

### Flugfélög nutu góðs af snarpri lækkun olíu árin 2015 og 2016

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir að rekstur flugfélaga hafi notið góðs af snarpri verðlækkun á eldsneyti á árunum 2015 og 2016 því meðalverð fargjalda hafi ekki lækkað jafn hratt. „Skýringuna má að einhverju leyti rekja til þess að flugfélög eru misjafnlega varin í kaupum á eldsneyti. Sum flugfélög eru ekkert varin á meðan önnur geti verið varin fyrir öllum sínum eldsneytiskaupum. Það geti því leitt til þess að það sé tímamismunur á því hvernig meðalfargjöld og eldsneytisverð þróast, bæði þegar eldsneytisverð fer lækkandi og hækkandi.“

HAGRÆDDU. EINFALDAÐU BÍLAMÁL FYRIRTÆKISINS

HEILDARLAUSNIR Í BÍLAMÁLUM

Pantaðu ráðgjöf á brimborg.is

BÍLAR ÞJÓNUSTA FLOTASTÝRING

Fyrirtækjalausnir Brimborgar veita fyrirtæki þínu ráðgjöf sem tryggir hagkvæmar, sérsniðnar heildarlausnir í bílamálum. Í boði eru yfir 500 gerðir af fólksbílum, jeppum og atvinnubílum frá 5 heimsþekktum bílamerkjum til kaups eða leigu hjá Brimborg. Framúrskarandi viðhalds, dekkja- og hraðþjónusta og flotastýring hjá 250 sérhæfðum starfsmönnum Brimborgar tryggir fyrirtæki þínu hagræðingu, þægindi, sveigjanleika og lengri uppitíma.



BRIMBORG FYRIRTÆKJA LAUSNIR

# ERUÐ ÞIÐ TILBÚIN FYRIR

# *ný persónu-verndarlög?*

ÖRUGG GAGNA-EYÐING BORGAR SIG!

**Er þitt fyrirtæki með viðkvæm gögn á pappír? Stafrænt gagnaöryggi er til einskis ef starfsmenn fleygja viðkvæmum gögnum í ruslakörfur og gáma. Nýja evrópska persónuverndarlöggjöfin tók gildi 25. maí sl.**

## Tilboð á Rexel® tæturum í júní

**20%** afsláttur




*Handfrjáls*

**Pappírstætari**
P3, bútaskurður Auto+ 60X.
**Vörunúmer** AC2103060

**39.990**
Verð áður 49.990

**20%** afsláttur




*Handfrjáls*

**Pappírstætari**
P4, bútaskurður Auto+ 130X.
**Vörunúmer** AC2102559EUA

**63.990**
Verð áður 79.990

**20%** afsláttur




*Handfrjáls*

**Pappírstætari**
P4, bútaskurður Auto+ 200X.
**Vörunúmer** AC2103175EU

**111.990**
Verð áður 139.990

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4



**Verðlagning Arion banka, eins og hún birtist í verðbili hlutafjárútboðsins, á milli 0,6 og 0,7 af eigin fé bankans, er lág í alþjóðlegum samanburði. Þannig er meðalverð evrópskra banka með tilliti til eigin fjár rétt í kringum 1,0 og eru norrænir bankar, sem þykja að jafnaði vel reknir og fjármagnaðir, enn dýrari en verð þeirra, miðað við eigið fé, er að meðaltali um 1,3.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Selja vart meira en um fjórðung í Arion

**Arðsemi eigin fjár af kjarnastarfsemi Arion banka hefur dregist saman og kostnaðarhlutfallið hækkað á undanförnum árum. Talið var nauðsynlegt að verðleggja bankann lágt í útboðinu til þess að auka áhuga erlendra fjárfesta. Lágt gengi hefur hreyft við fjárfestum.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Arðsemi eigin fjár af reglulegum rekstri Arion banka minnkaði um tæp fjögur prósentustig frá árinu 2015 til 2017 og var í fyrra tæp fimm prósent eða ríflega sjö prósentustigum undir arðsemiskröfu. Á sama tíma hækkaði kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar bankans úr 53 prósentum árið 2015 í 59 prósent á síðasta ári.

Til samanburðar hafa stjórnendur bankans sett sér það markmið að arðsemi eigin fjár bankans nái tveggja stafa tölu og að hlutfall kostnaðar af tekjum lækki í um það bil 50 prósent. Dótturfélag Arion, Valitor, vegur þungt í kostnaðarhlutfallinu en að kortafyrirtækinu undanskildu hefði umrætt hlutfall verið 50,6 prósent fyrir samstæðuna í heild í fyrra.

Geta Arion banka til þess að greiða út arð er jafnframt „umtalsverð“ en með því að lækka eiginfjárhlutfall bankans úr 23,6 prósentum í 17 prósent og gefa út víkjandi skuldabréf gæti bankinn aukið arðsemi sína þannig að hún verði í það minnsta átta prósent.

Þetta má lesa út úr ítarlegri skráningarlýsingu Arion banka sem gefin var út í liðinni viku vegna hlutafjárútboðs bankans. Í útboðinu, sem hófst 31. maí og stendur til 14. júní, munu eignarhaldsfélagið Kaupþing og vogunarsjóðurinn Attestor Capital, sem eiga samanlagt ríflega 68 prósent hlutafjár í Arion banka, selja að lágmarki 22,6 prósenta hlut í bankanum. Ólíklegt er talið að seldur verði stærri hlutur en að sögn kunnugra mun Kaupþing vart selja meira en fjórðungshlut nema að endanlegt útboðsgengi verði nærri efri mörkum verðbilsins í útboðinu.

Það stafar ekki síst af því að af hálfu stjórnvalda hefur verið lögð áhersla á að Kaupþing hámarki fyrst og fremst virði eignarhlutar síns í bankanum, þannig að sem hæst verð fáist fyrir hann, fremur en reyni að selja sem stærstan hlut á stuttum tíma. Kaupþing og vogunarsjóðurinn Taconic Capital fá rétt til þess að fara með virkan eignarhlut og atkvæðarétt í bankanum eftir skráningu og eru þá vonir bundnar við að eignarhaldsfélagið láti til sín taka sem virkur hluthafi – en búist er við því að félagið verði áfram í hluthafahópnum næstu 18 mánuðina – og reyni að auka með þeim hætti markaðsvirði bankans. Ríkir hagsmunir ríkisins eru enda í húfi. Því hærra verð sem fæst fyrir hlut Kaupþings, þeim mun hærra stöðugleikaframlag rennur til ríkisins samkvæmt forskrift stöðugleikaskilyrðanna.

**Lágt verð hreyfir við fjárfestum**

Verðið sem fjárfestum býðst að kaupa bréf í Arion banka á – 0,6 til 0,7 sinnum bókfært eigið fé bankans – er lægra en búist var við og auk þess mun hagstæðara en verðið í síðustu viðskiptum með bréf í bankanum. Þannig voru væntingar um í aðdraganda útboðsins að gengið yrði á bilinu 0,7 til 0,8. Sumir ráðherrar innan ríkisstjórnarinnar eru óánægðir með það hve lágt gengið er, samkvæmt heimildum Markaðarins, og lýstu þeirri óánægju yfir á fundi ráðherranefndar um efnahagsmál seint í síðustu viku.

Talið var nauðsynlegt, að sögn viðmælenda blaðsins, að hafa gengið svo lágt sem raun ber vitni til þess að auka áhuga erlendra fjárfesta á útboðinu. Þetta lága gengi hefur hreyft við mörgum fjárfestum, innlendum sem erlendum, en til marks um það var pantanabók fyrir um fjórðungshlut í bankanum orðin full í gær. Erlendir fjárfestingarsjóðir hafa verið fyrirferðarmestir þeirra sem hafa skráð sig fyrir hlut.

Verðbil útboðsins gæti jafnframt vakið áhuga lífeyrissjóðanna, sem höfnuðu fyrr á árinu tilboði Kaupþings um að kaupa hlut í bankanum á verði sem var rétt yfir genginu 0,8 krónur fyrir hverja krónu af eigin fé hans. Að teknu tilliti til arðs sem greiddur var út í kjölfar viðræðnanna býðst sjóðunum að kaupa bréf í bankanum á 10 til 20 prósenta lægra verði.

Ríkið seldi jafnframt – að tillögu Bankasýslunnar – 13 prósenta hlut sinn í bankanum til Kaupþings á genginu 0,81 í febrúar í samræmi við kauprétt eignarhaldsfélagsins og þá keyptu bankinn Goldman Sachs, Attestor og innlendir verðbréfasjóðir rúmlega fimm prósenta hlut af Kaupþingi á gengi sem samsvaraði um 0,8 sinnum eigið fé Arion. Umræddir verðbréfasjóðir þurftu að færa niður eign sína í bankanum um mánaðamótin í samræmi við hið nýja markaðsverð.

Verðið var auk þess á þessum slóðum – í kringum 0,8 miðað við þáverandi eigið fé bankans – þegar vogunarsjóðirnir Och-Ziff, Taconic og Attestor sem og Goldman Sachs keyptu 29 prósenta hlut í bankanum í mars í fyrra.

„Verðið er tiltölulega lágt. Það fer ekki á milli mála,“ segir Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent. Í verðmati sem ráðgjafarfyrir-

## Stjórn Arion banka útilokar ekki sölu á Valitor í heild sinni

Jafnvel þótt það sé mat stjórnar Arion banka að bankinn muni til lengri tíma hagnast af vaxtastefnu dótturfélagsins Valitor Holding, þá telur stjórnin að nokkur ár gætu liðið þar til stefnan fer að bera ávöxt og stefnan gæti auk þess verið ólík þeirri stefnu bankans að leggja áherslu á innlendan markað, að því er fram kemur í skráningarlýsingu Arion banka.

Kortafyrirtækið hefur vaxið hratt á erlendri grundu á undanförnum árum, meðal annars með yfirtökum á fyrirtækjum, og stefnir að frekari vexti. Í lýsingunni kemur fram að tekjur af alþjóðlegri starfsemi hafi numið 68 prósentum af rekstrartekjum Valitors í fyrra. Hlutfallið var 58 prósent árið 2016 og 48 prósent 2015.

Tap hefur verið á rekstri Valitors síðustu ár en gert er ráð fyrir því í langtímaáætlun kortafyrirtækisins að það skili rekstrarhagnaði innan fáeinna ára og að reksturinn verði orðinn arðbær innan næstu fimm ára.

Arðsemi eigin fjár Arion banka, að Valitor undanskildu, var 6,6 prósent á síðasta ári, 7,5 prósent árið 2016 og 29,6 prósent 2015, eftir því sem fram kemur í skráningarlýsingunni. Til samanburðar var arðsemi samstæðunnar í heild 6,6 prósent 2017, 10,5 prósent 2016 og 28,1 prósent 2015.

Kostnaðarhlutfall samstæðunnar, að kortafyrirtækinu undanskildu, var jafnframt 50,6 prósent í fyrra, 59,3 prósent 2016 og 28,2 prósent 2015.

Stjórn Arion banka ákvað að leggja ekki til fyrir aðalfund bankans í mars að Valitor yrði aðgreint frá samstæðunni þannig að hlutabréf fyrirtækisins yrðu greidd út í formi arðs til hluthafa, þrátt fyrir að sú hugmynd hafi átt ákveðnu fylgi að fagna innan stjórnarinnar. Í lýsingunni er tekið fram að slík ráðstöfun gæti verið bankanum til hagsbóta. Þó þurfi að meta fyrirkomulag ráðstöfunarinnar betur. Það gæti falið í sér sölu á félaginu, að hluta til eða í heild, til þriðja aðila.

**4,8%**

**var arðsemi af reglulegum rekstri Arion banka í fyrra.**

**59%**

**var kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar Arion banka í fyrra.**

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 6. JÚNÍ 2018



Nú geta karlar komið saman í huggulegum skúr í Hafnarfirði og átt glaðar og skapandi stundir í félagskap annarra karla yfir kaffisopa og verkefnum eftir eigin getu og áhuga. ➜4



Soffía Dögg segir að það sé allt annað líf að hafa pall við húsið. Áður var þetta pláss ekkert nýtt í garðinum. MYNDIR/ERNIR

# Pallurinn framlenging af stofunni

Soffía Dögg Garðarsdóttir hefur mikinn áhuga á heimilum og hönnun. Hún heldur úti einni vinsælustu Facebook-síðu landsins, Skreytum hús. Soffía Dögg fékk pall við hús sitt sumarið 2016 og segir það hafa breytt öllu um notagildi garðsins. ➜2

GLAMOUR




Maí og Júníblað
GLAMOUR
ER KOMIÐ ÚT

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsíðu



Glæsilegur pallur hjá Soffíu. Greinilegt að hún nostrar við hvert smáatriði. MYNDUR/ERNIR

Soffía Dögg segir að hún og maður hennar, Valdimar Björn Guðbjörnsson kerfisfræðingur, búi í húsi sem byggt var árið 1975 með stórum garði. „Við keyptum húsið 2008 en það var ekki fyrr en síðla sumars 2016 sem við hófumst handa við að gera pallinn og smíðinni er ekki lokið. Við ætlum að stækka hann enn frekar enda er þvílíkur munur að hafa hann. Fyrir framan hús var smá afdrep sem við notuðum fyrstu árin en eftir að við fengum pallinn erum við bara þar. Pallurinn er framlenging á stofunni og ég er alltaf með opið út þegar veður leyfir,“ segir hún.

Soffía segir að þau vilji minnka grasið í garðinum og þar með sláttinn. „Það er mikil vinna að halda garðinum fallegum og þess vegna höfum við ákveðið að stækka pallinn töluvert í viðbót. Garðurinn er í mikilli rækt og fallegur en honum fylgir mikil vinna. Það er eilífðar verkefni að hreinsa beðin þótt mér þyki gaman að hafa gróðurinn,“ segir Soffía.

Valdimar byggði sjálfur pallinn ásamt föður sínum og var vandað til verksins. „Þetta var hellings verkefni þar sem hver einasta hola var handgrafin. Það var mikið af stóru grjóti í jarðveginum. Það þurfti að úthugsa hönnunina þar sem við ætlum að hafa pallinn helmingi stærri og jafnvel fá okkur heitan pott. Einnig langar okkur í vinnuskúr þar sem hægt er að geyma grill og útihúsgögn. Sömuleiðis þurftum við að hugsa um útsýnið, við erum með sjávarsýn og vildum ekki missa hana. Veggirnir mega því ekki vera of háir og verða með gluggum að hluta. Við létum pallinn veðrast í heilt ár eins og ráðlagt er áður en við bárum á hann.“

Soffía Dögg er nýbúin að kaupa sumarblóm til að skreyta umhverfið enn frekar en hún keypti húsgögn í Rúmfatalagernum síðasta sumar sem hún er mjög ánægð með. „Húsgögnin stóðu úti í allan vetur og það sér ekki á þeim. Þau þurfa ekkert viðhald. Við fengum okkur líka nýtt borð og stóla enda er svo gaman að borða úti. Mér finnst ótrúlega skemmtilegt að gera fínt á pallinum og maður vonar bara að sumarið verði gott. Við erum líka með hengirúm sem krakkarnir nota mikið. Í rauninni er þetta rosa vinsæll staður hjá þeim,“ segir Soffía sem á tvö börn. „Pallurinn gaf okkur nýtt líf og það munar svo miklu að geta labbað beint út og notið sumarsins. Litli hundurinn okkar getur líka nýtt pallinn enda er hann alveg lokaður. Mér finnst ánægjulegast að nú erum við farin að nota þennan hluta garðsins sem við gerðum ekki áður,“ segir Soffía Dögg.

Soffía segist hvetja fólk sem er með garð að drífa í því að gera pall. „Og ef fólk er ekki með aðstöðu fyrir pall þá er alveg hægt að gera svalirnar kósí. Ég er viss um að pallurinn verður mikið notaður í sumar. Þarna varð til glænýr íverustaður fyrir okkur. Það eru forréttindi að grilla úti á palli og borða síðan úti á fallegum sumardögum. Húsgögnin og sumarblómin gera líka svo mikið fyrir pallinn,“ segir Soffía sem er ekki bara með Skreytum hús á Facebook heldur einnig vinsælt blogg undir sama nafni.



Soffía Dögg segir að fjölskyldan borði eins oft úti og veðrið leyfi.



Hundurinn á heimilinu er ekki síður ánægður með nýja pallinn en aðrir í fjölskyldunni. Hann getur valsað áhyggjulaus um enda er þetta lokað svæði.



Soffía Dögg á tvö börn sem hafa mikið yndi af hengirúminu.



Soffía keypti sófasettið í Rúmfatalagernum og er mjög ánægð með þau kaup.



Fallegur sólbekkur sem Soffía segir að sé orðinn tíu ára gamall. Hann fær nýtt líf á pallinum.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



# WYCHWOOD RS

Sigurvegari Flugubúllunar 2017, og besta flugustöng sem Wychwood hefur framleitt frá upphafi.
RS stangirnar eru afburða medium-fast action flugustangir sem eru engum líkar.

Wychwood RS var valin önnur besta flugustöngin í Evrópu á EFTTEX vörusýningunni þar sem hún keppti á móti SAGE X.
Var lofsömuð af Trout & Salmon sem ráðlögðu hana fyrir árið 2017, og hreppti titilinn Tackle Testers Choice í Trout Fisherman.

THE VOICE OF GAME-FISHING
TROUT & SALMON
RECOMMENDS 2017
ESTABLISHED 1955

BEST NEW
EFTTEX 2016
Awards season 2016-17
RUNNER UP
FLY ROD

Tackle Tester's Choice
trout FISHERMAN

## KR 32.280,-

**PAKKATILBOÐ KR 49.990,-**



- Fluguhjól að vali
- Flugulína að vali
- Undirlína
- Taumaefni að vali
- Derhúfa / andlitsklútur

### FLUGUBARINN

er stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði
VERÐ FRÁ 200 KR STK!



### ÚRVAL AF VÖÐLUPÖKKUM

Guideline & Wychwood
VERÐ FRÁ 24.950,-



### COASTAL FYRIR VEIÐIVÖTN

& Wychwood línurnar vinsælu
VERÐ FRÁ 7.800,-



### KORKERS VÖÐLUSKÓR

Fyrir þá sem vilja bara það besta!
VERÐ FRÁ 27.290,-

ÚTSKIPTANLEGIR BOTNAR



### ALFA + & INFINITY FLUGUHJÓLIN

Hágæða Finnsk hönnun & framleiðsla
VERÐ FRÁ 28.950,-



VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

GUIDELINE It's all about the experience · FULLINGMILL · Wychwood · Fario Fly · Korkers · UMPQUA · ALFA · TACKY FLY FISHING

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
EMAIL: INFO@FLUGUBULLAN.IS
VEFUR: WWW.FLUGUBULLAN.IS

FLUGU Búllan

# Vellíðan karla í fyrirrúmi

**Nú geta karlar komið saman í huggulegum skúr í Hafnarfirði og átt glaðar og skapandi stundir í félagsskap annarra karla yfir kaffisopa og verkefnum eftir eigin getu og áhuga.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Markmið Karlar í skúrum er að skapa aðstæður þar sem heilsa og vellíðan karla er í fyrirrúmi, þar sem þeir halda sér við líkamlega, andlega og félagslega í öruggu og vinalegu umhverfi," segir Hörður Sturluson, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ.

Hörður er staddur í fyrsta skúr karla sem var opnaður við Helluhraun 8 í Hafnarfirði 1. júní.

„Karlar í skúrum er að ástralskri fyrirmynd sem nefnist Men's shed og hefur slegið í gegn víðs vegar um Evrópu og í Bandaríkjunum. Þannig eru 422 skúrar á Írlandi þar sem yfir 10.000 karlar hittast í hverri viku og segja 97 prósent meðlima að heilsa þeirra hafi batnað og velferð þeirra aukist við það að taka þátt í félagsskap karla í skúrnum," upplýsir Hörður.

## Best að spjalla öxl í öxl

Karlar í skúrum er ætlað að koma í veg fyrir félagslega einangrun karla og neikvæðar afleiðingar hennar.

„Karlar á öllum aldri eru velkomnir í skúrinn þar sem þeir mæta á sínum forsendum. Það gefur þeim stað og stund til að hittast yfir kaffisopa, spjalla og vinna að persónulegum eða sameiginlegum verkefnum sem þeir ákveða sjálfir og á sínum hraða, og í skúrnum skiptast þeir á þekkingu og gefa til samfélagsins á leiðinni," útskýrir Hörður í skúrnum sem skiptist í notalega kaffistofu og vinnurými.

„Hugmyndafræðin byggir á rannsóknum sem sýna að karlmönnum þykir best að tala saman þegar þeir vinna með eitthvað í höndunum og þegar þeir standa saman öxl í öxl frekar en beint á móti hvor öðrum," segir Hörður sem er strax farinn að horfa fram á veginn í leit að húsnæði fyrir annan skúr í Garðabæ og vill færa út kvíarnar víðar.

„Þörfin virðist vera mikil og meira að segja konurnar vilja komast líka í skúrinn. Ég skil það vel en fyrsta kastið leyfum við körlunum að njóta skúranna einir, að koma saman og þróa þá eftir eigin höfði. Í hverjum skúr þarf að vera þriggja manna stjórn og hver skúr útbýr sínar eigin reglur í samráði við Rauða krossinn. Þeir hafa sjálfir lyklavöldin að skúrnum en ákveðnar grunnreglur verða til staðar; að ekki megi útiloka fólk sökum húðlits, stjórnmálaskoðana, fötlunar eða þjóðernis, og ekki er haft áfengi um hönd í skúrnum."

## Maður er manns gaman

Fallegt handverk blasir við þeim sem heimsækja karlana í skúrnum við Helluhraun.

„Reynslan sýnir að flestir sinna verkefnum sem snúa að smíðum og vinnu með timbur og menn smíða bæði stóra og smáa hluti en gera líka við eigin hluti og annarra. Félagslegi ávinningurinn er þó það mikilvægasta og því skipar kaffistofan stóran sess til skrafs og ráðagerða. Í vinnurýminu fást karlarnir líka við fleira en smíðar, einn stundar listmálun í einu horni kaffistofunnar, og tveir með mikinn áhuga á framköllun ljósmynda eru að búa til myrkraherbergi," segir Hörður innan um glæsilegan tækjakost í skúrnum.

„Velvildin er svo mikil í hafnfirsku samfélagi að skúrinn er orðinn fullur af frábærum vélum sem við höfum fengið gefins vegna þess að verkefnið spurðist út. Við þorum ekki einu sinni að auglýsa því þá fyllist allt en margir eru tilbúnir að gefa okkur stórkostlegar vélar," segir Hörður kátur og nú þegar eru tuttugu meðlimir skráðir.

„Eldri karlar á Íslandi eru miklir vinnuþjarkar, vilja hafa mikið fyrir stafni og kunna margt fyrir sér. Margir hér eru mjög handlagnir, smiðir og einn er smíðakennari og þeir kunna vel til verka og hafa ánægju af því að miðla. Allt eru það félagslega sterkir menn en hópurinn sem við viljum fá kemur vonandi núna þegar starfið er komið í gang. Við verðum með opið tvo daga í viku í júní og júlí en eftir verslunarmannahelgina verður opið alla daga og starfið fer á fullt," segir Hörður, fullur tilhlökkunar.

Karlar í skúrum er í Helluhrauni 8 í Hafnarfirði. Opið þriðjudaga frá klukkan 14 og fimmtudaga frá klukkan 10. Nánari upplýsingar hjá Herði á hordur@redcross.is



Hörður Sturluson, fyrir miðju, með Þórarni Klemenssyni gjaldkera og Sturlu Jónssyni. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



Margt fagurra muna er að finna í vönduðu handverki karlanna í skúrnum.



Margt var um manninn við opnun skúrsins í Hafnarfirði 1. júní síðastliðinn.



Pönnukökumeistarinn Jóhann Salomon Gunnarsson bakaði pönnukökur. .

Menntaskólinn í Kópavogi - #mklífið

Þekking - Þroski - Þróun - Þátttaka

Hjartað slær í MK

STÚDENTSNÁM:
• Alþjóðabraut
• Félagsgreinabraut
• Raungreinabraut
• Viðskiptabraut
• Opin braut
• Framhaldsskólabraut

GRUNNDEILD MATVÆLA OG FERÐAGREINA:
• Bakari
• Framreiðslumaður (þjónn)
• Kjötiðnaðarmaður
• Matreiðslumaður (kokkur)
eða starfa í ferðaþjónustu

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS OG Á FACEBOOK SÍÐU SKÓLANS
INNRITUN STENDUR YFIR TIL 8. JÚNÍ

Menntaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4000

#mklífið



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN



Everyday hálfrennd herra
11.990 kr.

Oasis Crewe síðerma herra
11.990 kr.

Tech Lite stutterma herra
8.990 kr.

Oasis Crewe síðerma dömu
11.990 kr.

Tech Lite stutterma dömu
8.990 kr.

Siren Tank dömu
6.990 kr.

Away hettupeysa dömu
22.990 kr.

# icebreaker® MERINO




FluidZo
hálfrennd með hettu
19.990 kr.

Anatomica boxers herra
5.590 kr.

Shifter
rennd með hettu herra
21.990 kr.

Everyday leggings dömu/herra
9.990 kr.

Oasis
barnasett
10.990 kr.

Everyday Crewe síðerma herra frá 9.990 kr.

## 100% Merino ull
Bolir, húfur, jakkar, sokkar, vettlingar, leggings, nærföt

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

# KEEN SANDALAR OG GÖNGUSKÓR
### ALLAN DAGINN - ALLA DAGA - ALLTAF



**KEEN Venice kvenna**
Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski.
Sólinn nær upp fyrir tærnar.
Léttir en áreiðanlegir.
*Stærðir: 35-42*
15.990 kr.

**KEEN Newport herra**
Lokuð tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski, sólinn nær upp fyrir tærnar. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi. Innleggið mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem þú getur notað allan daginn, alla daga, í nánast hvaða aðstæðum sem er.
*Stærðir: 40-48*
15.990 kr.




KEEN Oakridge kvenna
lágir og fjölhæfir gönguskór
15.990 kr.

KEEN Oakridge herra
lágir og fjölhæfir gönguskór
15.990 kr.

KEEN Rialto herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.

KEEN Venice II kvenna
stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.




TAKTU ÞENNAN MEÐ Í FRÍIÐ

KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
17.990 kr.

KEEN Galleo kvenna
gönguskór með góðan stuðning
26.990 kr.

KEEN Galleo herra
gönguskór með góðan stuðning
26.990 kr.

Frábærir KEEN barna sandalar
7.690 kr.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópvogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

Opið virka daga frá 10.00 til 18.00,
laugard. frá kl. 11.00 til 15.00

# GG·sport




„Finndu okkur á Facebook"

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



PEUGEOT 307. Árgerð 2005, ekinn 138 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ 390.000. Rnr.150347.



KIA Picanto Dísel. Árgerð 2006, ekinn 176 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 350.000. Rnr.150470.



MAZDA 6. Árgerð 2004, ekinn 144 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 290.000. Rnr.150662.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

NÝJA BÍLAHÖLLIN
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



CHEVROLET Silverado 3500 ltz. Árgerð 2018, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.725.000.+ vsk Rnr.212981.



DODGE Ram 3500 limited tungsten. Árgerð 2018, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.967.000. + vsk Rnr.115242.



FORD F350 lariat ultimate fx4. Árgerð 2018, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.653.000. + vsk Rnr.212931.



FORD F350 platinium ultimade . Árgerð 2017, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.975.000.+ vsk Rnr.115630.



GMC Sierra 3500hd denali. Árgerð 2018, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 7.967.000.+ vsk Rnr.212928.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Bátar

**VEIÐIBÆNDUR**
Þjórsá, Þjórsá, laxanetin tilbúin. Þekking,reynsla og gæði.Heimavik ehf. S 892 8655 www.heimavik.is

### Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Keypt & Selt

### Til sölu

STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is


*Hvað dreymdi þig í nótt?*
*Hringdu í gjaldfrjálst númer Draumalínunnar og opnaðu fyrir öll skilningarvit.*
**#DRAUMURINN**



Hringdu núna!
Draumalínan 571 4940
Hringdu núna!




# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

## Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

info@handafl.is | handafl.is



**TRIGANO TJALDVAGN**

Til sölu Trigano tjaldvagn árg.'96 verð 200 þús eða tilboð. Vel með farinn vagn. Frekari uppl. í s:821-4111



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd

**HEILSUNUDD**

Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254

# Heimilið

## Barnavörur



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir bílstjóra á fjögurra öxla trukk.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir samviskusömu og áreiðanlegu sumarstarfsfólki. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**



# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Háskjólabyggð 5 - Stóra-fjalli - 311 Borgarbyggð



Einstakt tækifæri, fallegur 4ra herbergja bústaður á 1,8 ha. sumarbústaðalóð með leyfi fyrir byggingu á alls fjórum bústöðum. Mjög gott berjaland. Eignin er á leigulóð í landi Stóra-Fjalls. Vel við haldið 61.5 fm. 4ra herbergja sumarhús með 5 fm geymsluskúr og 42 fm verönd. Geymsluskúr er ekki inni í heildar fm. Eignin er á gróðursælli 1.8 ha. leigulóð með leyfi fyrir byggingu samtals 4ra sumarhúsa. **V. 22,9 millj.**

**Nánari upplýsingar veitir Hlynur 698-2603 eða hlynur@hraunhamar.is**

**Hlynur Halldórsson, Löggiltur fasteignasali**

## AUGLÝSING

### Um skipulag í Sveitarfélaginu Vogum.

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grænaborg**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 16. maí 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grænuborgarhverfis, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst m.a. að lóðum verði fjölgað, hámarksstærð og hámarkshæð húsa verði aukin. Tillagan er sett fram á uppdrætti og vísast til hans um nánari upplýsingar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með miðvikudeginum 6. júní 2018 til og með miðvikudagsins 18. júlí 2018.
Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/Skipulag/Skipulag_i_kynningu/.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en miðvikudaginn 18. júlí 2018.

***Vogum, 6. júní 2018***
*f.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK




## Kvennaskólinn í Reykjavík auglýsir eftirfarandi stöðu kennara lausa til umsóknar:

- **Enska** 80-100% á haustönn 2018.

Kröfur til umsækjenda: háskólapróf í viðkomandi greinum eða skyldum greinum ásamt kennsluréttindum í framhaldsskóla.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, prófskírteinum og sakavottorði berist Kvennaskólanum í í rafrænu formi í netfangið hjalti@kvenno.is. Ekki er sótt um á sérstökum eyðublöðum og ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2018.

**Umsóknarfrestur er til 19. júní 2018.** Laun kennara eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og fjármálaráðuneytis. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Nánari upplýsingar gefur undirritaður, auk aðstoðarskólameistara, í síma 5807600 á skrifstofutíma (netföng: hjalti@kvenno.is og oddnya@kvenno.is). Sjá einnig www.kvenno.is

***Skólameistari***

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

1. **Deiliskipulag fyrir Sogsvirkjanir, Steingrímsstöð. Grímsnes- og Grafningshreppur.**
Kynnt er lýsing vegna deiliskipulags sem nær til virkjana í Soginu. Deiliskipulagið tekur til Steingrímsstöðvar. Deiliskipulagið snýst í meginþáttum um að staðfesta núverandi landnotkun og afmarka vatnsverndarsvæði Þingvallavatns. Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði fyrir núverandi íbúðir við Steingrímsstöð. Iðnaðarsvæði verður minnkað að austanverðu og þeim hluta breytt í opið svæði. Iðnaðarsvæði mun ná yfir stíflu í Þingvallavatni og aðrennslisgöng stöðvarinnar.

2. **Deiliskipulag fyrir Sogsvirkjanir, Írafoss- og Ljósafossvirkjanir. Grímsnes- og Grafningshreppur.**
Kynnt er lýsing vegna deiliskipulags sem nær til virkjana í Soginu. Deiliskipulagið tekur til Írafossstöðvar og Ljósafossstöðvar. Deiliskipulagið snýst í meginþáttum um að staðfesta núverandi landnotkun og afmarka vatnsverndarsvæði Þingvallavatns. Breyta þarf afmörkun iðnaðarsvæðis og íbúðarsvæðis við Ljósafoss. Breytingar sem eru áformaðar við Írafoss eru að byggt verði tengivirkishús, tekin niður háspennulína og fjarlægð gömul hús. Þá verða tengingar af Þingvallavegi endurskoðaðar.

3. **Deiliskipulag fyrir Efra-Sel, ferðaþjónusta. Hrunamannahreppur.**
Kynnt er lýsing vegna deiliskipulags sem nær til 2,8 ha svæðis á Efra-Seli, sem afmarkast af landmörkum milli Syðra-Sels og Efra Sels til vesturs. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels en fyrir er golfskáli með veitingasal, tvær skemmur og fjögur íbúðarhús.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

4. **Deiliskipulag fyrir Skógarskarð frístundarbyggð. Skeiða- og Gnúpverjahreppur.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til nýrrar lóðar í landi Skarðs 1( L174781 ). Lóðin er 1 ha að stærð og er staðsett 500m austan bæjartorfunnar í Skarði. Afmarkaður er byggingarreitur fyrir frístundahús og gestahús. Leyfilegt byggingarmagn á lóðinni er 200m2 sem samsvarar nýtingarhlutfallinu 0,02.

5. **Deiliskipulag fyrir Sandamýri úr landi Einiholts 1 í Bláskógabyggð. Íbúðar- og aðstöðuhús á landbúnaðarlandi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir 10,36 ha spildu úr landi Einiholts 1 sem kallast Sandamýri, L223807. Liggur spildan upp að landi Gígjarhólskots 2, milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegar. Fyrirhugað er að stofna lögbýli á landinu og byggja þar íbúðarhús og aðstöðuhús fyrir dýralækningar.

6. **Deiliskipulag fyrir hluta af jörðinni Varmalæk í Hrunamannahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til austasta hluta jarðarinnar Varmalæk, L166907. Skipulagssvæðið er um 2,2 ha að stærð. Gert er ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum þar sem heimilt verður að byggja allt að 350m2 íbúðarhús og 60m2 gestahús/geymslu. Einnig er gert ráð fyrir lóð undir hesthús allt að 250m2. Vegtenging við þjóðveg og að skipulagssvæðinu breytist lítilega.

**Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að breytingum á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

7. **Deiliskipulag fyrir Brautarholt á Skeiðum. Skeiða- og Gnúpverjahreppur.**
Auglýst er tillaga á breytingu deilliskipulags Brautarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða breytingu sem er til komin vegna aukinnar eftirspurnar eftir parhúsalóðum og stærri atvinnulóðum á svæðinu. Í breytingunni felst m.a að verið er að fjölga parhúslóðum og fækka einbýlishúalóðum við Vallar- og Holtabraut ásamt að lóðamörk og byggingarreitir þriggja lóða við Malarbraut 2-6 breytast. Einnig er staðsett hreinsivirki skv. mælingu, lóðin stækkuð og byggingarreitur fyrir tengistöð er færður.

8. **Deiliskipulag fyrir frístundabyggð úr landi Galtar. Grímsnes- og Grafningashreppi.**
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi syðst í landi Galtar, L168244. Um er að ræða afmörkun nýrrar lóðar undir frístundabyggð sem er 3,9 ha að stærð. Deiliskipulagið miðast við að heimilt verði að byggja á nýrri lóð allt að 300m2 frístundarhús, 60m2 gestahús, 100 m2 bílskúr og 180m2 bátaskýli.

9. **Deiliskipulag fyrir garðyrkjulóðina Mela á Flúðum. Hrunamannahreppur.**
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir miðsvæði og garðyrkjulóðir á Flúðum. Um er að ræða 2,6 ha land úr Hrafnkelsstöðum 2, sem nú tilheyrir gróðrarstöðinni Melum. Áætlað er að reisa þar allt að þrjú starfsmannahús fyrir starfsfólk. Hluti þessa lands var innan deiliskipulagsmarka fyrir breytingu en nú er áætlað að hafa allt landið innan deiliskipulagsmarka. Vegtengin við þjóðveg breytist lítilega og vegir innan lóðamarka breytast. Byggingarreitur gróðurhúsa á lóð Hrafnkelsstaða 2 breytist og færist til en byggingarheimild helst óbreytt.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is. Skipulagstillögur 4-9 eru í kynningu frá 6. júní til 20. júlí 2018 en tillögur 1-3 frá 6.júní til 6. júlí 2018 Athugasemdir og ábendingar við tillögur 4-9 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 20. júlí en 6. júlí fyrir tillögur 1-3. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Berglind Sigurðardóttir*
*Skipulagsfulltrúi*
*berglind@utu.is*

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is



## Auglýsing um útgáfu byggingaleyfis

Byggingarfulltrúi Akureyrar samþykkti þann 9. nóvember 2017 byggingaráform fyrir hreinsistöð fráveitu á Akureyri, á lóð nr. 33 að Óseyri.

Þann 4. júní 2018 gaf byggingarfulltrúi út byggingarleyfi til Norðurorku hf., þar sem uppfyllt hafa verið skilyrði byggingarreglugerðar til útgáfu byggingarleyfis.

**Skipulagslegar forsendur samþykktar byggingaráforma.**

- Aðalskipulag Akureyrar.
- Deiliskipulag SANDGERÐISBÓT, 12. ágúst 2009, br. 2. maí 2017.
- Matsskýrsla sem unnin var af Eflu Verkfræðistofu fyrir Norðurorku hf.: „Hreinsistöð fráveitu á Akureyri. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla" dagsett desember 2016.
- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum dagsett 13. febrúar 2017.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 13. febrúar 2017 og endanlega matsskýrslu Norðurorku hf., ásamt fylgigögnum, umsögnum og svör við þeim má finna á eftirfarandi vefslóð: http://www.skipulag.is

Nánari upplýsingar um samþykkt byggingaráformanna, byggingarleyfið og teikningar er að finna á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar https://www.akureyri.is
Vakin er athygli á því að niðurstaða byggingarfulltrúa er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. (sjá http://www.uua.is/
Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

***06. júní 2018***
***Bjarki Jóhannesson, byggingarfulltrúi***

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



MOSFELLSBÆR

## Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirtalda tillögu að breytingu á deiliskipulagi:

**Desjamýri deiliskipulagsbreyting**
Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi við Desjamýri. Breytingin felst í eftirfarandi:

- Stækkun deiliskipulagssvæðisins til austurs, svæðið var fyrir breytingu 8,7 ha, en verður eftir breytingu 11,7 ha. Lóðum fjölgar úr tíu í fjórtán.
- Aðkoma að væntanlegu íbúðarhverfi í Lágafelli færist til austurs.
- Lóðir meðfram Skarhólabraut stækka um 10 m til suðurs.
- Á lóð nr. 9 verður heimilt að byggja geymsluhúsnæði (E) til viðbótar við atvinnuhúsnæði (C) og í skilmála bætist við húsgerð (E). Hámarksstærð byggingar er 570 m², hámarkshæð er 5 m.

Ofangreind tillaga verður til sýnis í Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, frá 6. júní 2018 til og með 23. júlí 2018, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér hana og gert við hana athugasemd. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni:

**mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar**

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 23. júlí 2018.

6. júní 2018,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

tækið gerði á bankanum í febrúar og Markaðurinn hefur undir höndum er verðmæti bankans metið á genginu 0,88 af eigin fé hans. Greinendur IFS töldu jafnframt í álitsgerð sem gefin var út í sama mánuði að undirliggjandi rekstur bankans stæði vel undir genginu 0,8.

Verðlagning Arion banka, eins og hún birtist í verðbili útboðsins, á milli 0,6 og 0,7 af eigin fé, er afar lág í alþjóðlegum samanburði. Þannig er meðalverð evrópskra banka með tilliti til eigin fjár rétt í kringum 1,0 og eru norrænir bankar, sem þykja að jafnaði vel reknir, enn dýrari en verð þeirra, miðað við eigið fé, er að meðaltali um 1,3 samkvæmt úrtaki tíu banka sem Capacent tók saman. Þó ber að hafa í huga að vaxtastig í Evrópu er, sem kunnugt er, lægra en hér á landi og hefur það áhrif á verðlagninguna.

Snorri segir ljóst að íþyngjandi lög og reglur, ekki hvað síst bankaskatturinn, hátt eiginfjárhlutfall og takmarkaðir vaxtarmöguleikar dragi úr söluvirði bankans. Þá gæti fengist umtalsvert hærra verð fyrir bankann með því að brjóta hann upp og selja einstakar einingar, til dæmis dótturfélögin Stefni, Valitor og Vörð, fremur en að selja hann í einu lagi.

**Arðsemi kjarnarekstrar minnkað**

Arðsemi eigin fjár Arion banka hefur verið undir væntingum undanfarin ár. Í áðurnefndri skráningarlýsingu birtir bankinn afkomutölur eftir að þær hafa verið leiðréttar fyrir áhrifum af starfsemi og dótturfélögum sem varða ekki kjarnastarfsemi bankans og tengjast meðal annars endurskipulagningu lánasafns hans í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2008. Umræddar tölur gefa, að mati stjórnenda bankans, raunsannari mynd af rekstri hans enda hafa ýmsir óreglulegir liðir litað uppgjör bankans undanfarinn áratug.

Þannig reyndist arðsemi reglulegrar starfsemi vera 8,7 prósent árið 2015, 4,7 prósent 2016 og 4,8 prósent í fyrra. Arðsemin var enn lakari á fyrstu þremur mánuðum þessa árs eða einungis 2,6 prósent borið saman við 3,9 prósent á sama tíma á síðasta ári.

Þess má geta að meðalarðsemi eigin fjár norrænna banka er í kringum 11 prósent. Arðsemin er aðeins lægri eða um 9 prósent að meðaltali sé litið til álfunnar allrar.

Kostnaðarhlutfall af reglulegum rekstri Arion hefur jafnframt farið hækkandi undanfarin ár. Hlutfallið var 68,9 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2018 borið saman við 61,9 prósent á sama tímabili í fyrra.

„Bankinn hefur ekki verið að skila viðunandi arðsemi á eigin fé og því er hann verðlagður á verði sem er töluvert lægra en bókfært eigið fé hans,“ segir Snorri. Í alþjóðlegum samanburði sé kostnaðarhlutfall íslensku bankanna enn fremur hátt. Svo virðist sem launakostnaður, opinberar álögur og skattar séu hærri hér en víða annars staðar. Ætli íslensku bankarnir að ná fram viðunandi arðsemi af kjarnarekstri sínum þyrftu þeir að ná þessum kostnaði niður.

Í skráningarlýsingunni kemur fram að ætlunin sé að lækka umrætt kostnaðarhlutfalli í 50 prósent með því að leggja meðal annars áfram áherslu á straumlínustjórnun, sjálfvirkni og stafrænar lausnir og auk þess með aukinni útvistun verkefna.

Til þess að ná arðseminni upp í tveggja stafa tölu stefnir bankinn að því að lækka kostnaðarhlutfallið, eins og áður sagði, draga úr eiginfjárbindingu og ná lánavexti sem er í takti við nafnhagvöxt, að því er segir í lýsingunni.

**Bankaskatturinn áhættuþáttur**

Þeir sérstöku skattar sem lagðir eru á hérlenda banka, þar á meðal bankaskatturinn sem nemur um 0,376 prósentum af heildarskuldum banka, eru nefndir í lýsingunni sem sérstakur áhættuþáttur í rekstri Arion. Bent er á að skattarnir kunni að auka fjármögnunarkostnað bankans og skerða samkeppnisstöðu hans gagnvart lánveitendum sem þurfa ekki að greiða slíka skatta.

Tekið er fram að sé leiðrétt fyrir áhrifum skattlagningarinnar hafi arðsemi eigin fjár bankans verið 8,2 prósent í fyrra og 12,6 prósent árið 2016. Skattlagningin lækkaði þannig arðsemina um 1,6 prósentustig í fyrra og 2,1 prósentustig árið 2016.

Viðmælendur Markaðarins eru sammála um að sértæka skattlagningin dragi úr áhuga erlendra fjárfesta á að taka þátt í útboðinu og lækki þannig söluvirði bankans. Er talið að hluturinn sem Kaupþing hyggst selja verði seldur að lágmarki á 0,1 lægra gengi miðað við eigið fé en annars vegna bankaskattsins.

Í skráningarlýsingunni eru jafnframt útlistuð markmið bankans um að lækka almenna eiginfjárhlutfall (CET 1) hans úr 23,6 prósentum í 17 prósent. Slík lækkun er talin munu hafa „töluverð“ áhrif á arðsemi bankans.

Er tekið sem dæmi í lýsingunni að ef almenna eiginfjárhlutfallið yrði lækkað í 17 prósent, viðbótareiginfjárþáttur eitt (AT1) væri 1,4 prósent og eiginfjárþáttur tvö (Tier 2) 2,9 prósent, þá yrði arðsemi eigin fjár bankans um 8 prósent.

Hins vegar taki það líklegast nokkur ár að lækka hlutfallið í samræmi við áðurnefnt markmið. Til að byrja með muni bankann halda áfram að gefa út hefðbundin skuldabréf en síðar meir gæti bankinn ráðist í meðal annars útgáfu víkjandi bréfa, ef markaðsaðstæður leyfa.

Ekki er áætlað í lýsingunni hver möguleg arðgreiðslugeta bankans sé. Aðeins er sagt að hún sé „umtalsverð“ í ljósi mikils hagnaðar bankans, mögulegrar lækkunar á umfram eigin fé og frekari breytinga á fjármagnsskipan. „Fjármagnsuppbygging bankans hefur ekki verið hagkvæm að því leyti að eigið fé hefur verið fullmikið sem hefur dregið úr arðsemi eigin fjár,“ nefnir Snorri. Það væri „augljós ávinningur“ fyrir fjárfesta að greiða út umfram eigið fé.

## Íslensku bankarnir gætu fengið á annað hundrað milljóna króna í þóknanir

Þau íslensku fjármálafyrirtæki sem eru í hópi ráðgjafa í hlutafjárútboði Arion banka gætu fengið á annað hundrað milljóna króna í þóknanir ef vel tekst til. Þar af fær fyrirtækjaráðgjöf Arion banka mest í sinn hlut en bankinn sölutryggir tæplega 5,8 prósent af útboðinu. Íslandsbanki og Landsbankinn sölutryggja tæplega eitt prósent útboðsins hvor, að því er fram kemur í skráningarlýsingunni.

Fossar markaðir gegna aðeins hlutverki söluráðgjafa, en ekki sölutryggjanda, og munu fá í sinn hlut 0,04 prósent af söluandvirði útboðsins auk árangurstengdrar viðbótarþóknunar. Seljendurnir, Kaupþing og vogunarsjóðurinn Attestor, munu greiða sölutryggjendum, sem eru níu bankar, þóknanir sem nema allt að 3,41 prósenti af söluandvirði útboðsins. Um er að ræða 2,08 prósenta grunnþóknun auk viðbótarþóknunar sem getur í mesta lagi numið 1,33 prósentum.

Stórbankinn Morgan Stanley sölutryggir hvað stærstan hluta útboðsins eða sem nemur ríflega 31 prósenti. Citigroup sölutryggir um 23 prósent útboðsins, Carnegie tæp 17 prósent, Deutsche Bank 12 prósent, Goldman Sachs 6 prósent og sænski bankinn Svenska Handelsbanken ríflega 3 prósent.

Söluandvirði útboðsins mun ráðast af því hver stór hlutur verður seldur og jafnframt því hvert útboðsgengið verður. Söluandvirðið getur að hámarki orðið ríflega 57 milljarðar en að lágmarki um 31 milljarður.

Sé gert ráð fyrir því að hluturinn sem seldur verður í útboðinu sé mitt á milli 22,6 og 36,2 prósent af hlutafé bankans og útboðsgengið sé á miðju verðbilinu, það er mitt á milli 68 og 79 krónur á hlut, þá verður söluandvirði útboðsins um 43,2 milljarðar króna. Það þýðir að íslensku bankarnir þrír gætu samanlagt fengið greiddar þóknanir upp á 115 milljónir. Til samanburðar myndi Morgan Stanley þá fá allt að 460 milljónir í sinn hlut.

> **Verðið er tiltölulega lágt. Það fer ekki á milli mála.**
>
> Snorri Jakobsson, hlutabréfagreinandi hjá Capacent




Lára Ásgrímsdóttir, framleiðslustjóri og amma

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Breskar verslanir berjast í bökkum

**Breskar verslanakeðjur glíma við gjörbreytt samkeppnisumhverfi. Stjórnendur House of Fraser hafa vísað á bug fregnum um að keðjan standi á barmi gjaldþrots. Búist er við því að hundruðum verslana í landinu verði lokað á næstu mánuðum.**

Smásöluverslun á Bretlandseyjum á undir högg að sækja um þessar mundir en stjórnendur nokkurra af stærstu verslanakeðjum Bretlands hafa á síðustu vikum tilkynnt áform sín um að loka hundruðum verslana. Sumar keðjur hafa einnig leitað leiða til þess að þrýsta á leigusala sína um að lækka leiguna til þess að ná kostnaði niður.

Búist er við því að keðjurnar House of Fraser og Marks and Spencer loki tugum verslana á komandi mánuðum. Þá hafa stjórnendur fatakeðjunnar Next áform um að setja í leigusamninga sína sérstakt ákvæði sem gæti lækkað verulega leiguna sem keðjan greiðir.

Forsvarsmenn House of Fraser staðfestu fyrr í vikunni að kínverski skórisinn C. Banner, sem á leikfangakeðjuna Hamleys, myndi eignast meirihluta, 51 prósents hlut, í verslanakeðjunni. Vilji nýs meirihlutaeiganda stendur meðal annars til þess að sett verði sérstakt ákvæði í leigusamninga keðjunnar sem gerir henni kleift að loka verslunum sem eru reknar með tapi og lækka leiguverðið á öðrum verslunarrýmum.

Slík samningsákvæði hafa notið vaxandi vinsælda í breskri verslun en þeim er ætlað að hjálpa verslunum sem eiga við skuldavanda að glíma að losa um fjármagn og greiða niður skuldir sínar.

Um leið vísuðu stjórnendur House of Fraser á bug fregnum um að verslanakeðjan stæði á barmi gjaldþrots. Slíkar fregnir væru „ónákvæmar“ og hjálpuðu ekki til. Það væri vissulega krefjandi verkefni að endurskipuleggja reksturinn á nýjan leik en sú vinna gengi vel.

**30**
**verslunum House of Fraser gæti verið lokað á næstu vikum.**

Verslanir House of Fraser eru 59 talsins í Bretlandi og á Írlandi en yfir sex þúsund manns starfa hjá keðjunni. Forsvarsmenn verslanakeðjunnar hafa ekki sagt opinberlega hvað komi til greina að loka mörgum verslunum en heimildarmenn Financial Times telja ekki ósennilegt að allt að 30 verslunum verði lokað áður en langt um líður.

„Ef við ætlum að stuðla að sjálfbærum rekstri til lengri tíma verðum við að taka erfiðar ákvarðanir,“ sagði Alex Williamson, forstjóri House of Fraser, við fjölmiðla fyrr í vikunni.

Nýi meirihlutaeigandinn, C. Banner, hyggst auka hlutafé keðjunnar gegn því skilyrði að keðjunni takist fyrst að ná samkomulagi við leigusala sína um að leiguverð verði lækkað eða að íþyngjandi leigusamningum verði sagt upp og óarðbærum verslunum í kjölfarið lokað. Annað kínverskt fyrirtæki, Nanjing Cenbest, í eigu samstæðunnar Sanpower, hefur haldið um 89 prósenta hlut í House of Fraser undanfarin fjögur ár.



**Stjórnendur bresku verslanakeðjunnar House of Fraser endurskipuleggja um þessar mundir rekstur keðjunnar. Til greina kemur að loka tugum verslana.** NORDICPHOTOS/GETTY

### Rótgrónar keðjur í vanda

Margar breskar verslanakeðjur hafa átt erfitt uppdráttar undanfarna mánuði. Gjörbreytt samkeppnisumhverfi, með stóraukinni netverslun, minna trausti neytenda og breyttri hegðun nýrrar aldamótaskynslóðar, hefur valdið því að ýmsar rótgrónar verslanir hafa þurft að leita leiða til þess að hagræða í rekstri og ná kostnaði niður.

Leikfangakeðjan Toys'R'Us og raftækjakeðjan Maplin voru sem dæmi teknar til gjaldþrotaskipta í Bretlandi í febrúar síðastliðnum og lokuðu um leið fjölmörgum verslunum sínum. Fyrrnefnda keðjan hefur þegar lokað öllum 100 búðum sínum í landinu en þrotabú Maplin hyggst halda um 200 verslunum opnum á meðan það leitar að nýjum kaupanda að keðjunni. Þá hafa smásalar á borð við New Look, Carpetright og Mothercare enn fremur leitað á náðir leigusala sinna í því skyni að losna undan óhagstæðum leigusamningum.

### Samdráttur í einkaneyslu

Samkvæmt úttekt breska ríkisútvarpsins hefur hundruðum verslana og veitingastaða verið lokað í Bretlandi það sem af er árinu. Bryan Roberts, greinandi hjá TCC Global, segir að sumar verslanir geti sjálfum sér um kennt fyrir að hafa ekki brugðist í tæka tíð við breyttri hegðun neytenda. Miklar kostnaðarhækkanir hafi þó einnig sett strik í reikninginn.

Sérfræðingar benda einnig á að ákveðnar vísbendingar séu um að einkaneysla hafi dregist saman. Hækkandi vöruverð og veikur kaupmáttarvöxtur hjálpi ekki til. Fréttaskýrandi breska ríkisútvarpsins nefnir einnig að um fimmtán prósenta gengislækkun breska pundsins – eftir að Bretar greiddu atkvæði gegn veru landsins í Evrópusambandinu sumarið 2016 – hafi stuðlað að aukinni verðbólgu og hækkað verð á innfluttum vörum, neytendum til tjóns.

„Þetta hefur reynst mörgum smásölum erfitt,“ segir Samuel Tombs, hagfræðingur hjá Pantheon Macroeconomics. „Verslun í landinu glímdi þegar við ýmis kerfislæg vandamál, líkt og aukna netverslun og háa vexti. En aukin verðbólga í kjölfar Brexit-þjóðaratkvæðagreiðslunnar hefur dregið úr kaupmætti og leitt til mun minni söluvaxtar en smásalar höfðu reiknað með,“ nefnir hann.

**kristinningi@frettabladid.is**



14. JÚN
OG
15. JÚN

Í REYKJAVÍK

1.-17. JÚN

2018



JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

# BILL MURRAY

## NEW WORLDS

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM
BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

# LISTAHÁTÍÐ

LISTAHÁTÍÐ.IS

KYNNTU ÞÉR
FJÖLBREYTTA OG
GLÆSILEGA DAGSKRÁ
Á VEF LISTAHÁTÍÐAR
Í REYKJAVÍK

# Skotsilfur

## Kátur forstjóri



Verðið sem fjárfestum býðst nú að kaupa bréf í Arion banka á – 0,6 til 0,7 sinnum bókfært eigið fé bankans – er umtalsvert lægra en verðið í síðustu viðskiptum með bréf í bankanum. Skemmst er að minnast þess að ríkið seldi, að tillögu Bankasýslunnar, 13 prósenta hlut sinn í bankanum til Kaupþings á genginu 0,81 miðað við eigið fé í febrúar síðastliðnum. Var það í samræmi við kauprétt eignarhaldsfélagsins. Ríkið fékk þannig tveimur til fjórum milljörðum meira í sinn hlut fyrir söluna en ef miðað er við útboðsgengið. **Jón Gunnar Jónsson**, forstjóri Bankasýslunnar, getur leyft sér að kætast yfir því.

## Sylvía til Icelandair



**Sylvía Kristín Ólafsdóttir**, sem hefur starfað sem deildarstjóri jarðvarmadeildar á orkusviði Landsvirkjunar, hyggst færa sig um set og mun vera að ganga til liðs við Icelandair Group. Aðeins eru fáeinir mánuðir síðan annar lykilmaður Landsvirkjunar, Birna Ósk Einarsdóttir, sem stýrði markaðs- og viðskiptaþróunarsviði orkufyrirtækisins, fór yfir til Icelandair Group en þar leiðir hún stefnumótunar- og viðskiptaþróunarsvið. Sylvía hefur starfað hjá Landsvirkjun frá 2015 en þar áður var hún hjá netrisanum Amazon. Hún situr meðal annars í stjórn Símans og Ölgerðarinnar auk þess að vera í starfshóp stjórnvalda sem vinnur að hvítbók um framtíðarsýn og stefnu fyrir fjármálakerfið á Íslandi.

## Gunnar í fjártæknina



**Gunnar Haraldsson**, doktor í hagfræði og formaður fjármálaráðs, hefur gengið til liðs við íslenska fjártæknifyrirtækið Monerium þar sem hann mun sinna ráðgjafarstörfum meðfram öðrum störfum. Gunnar rekur meðal annars ráðgjafarfyrirtækið Intellecon. Danielle Pamela Neben, sem sat í bankaráði Landsbankans á árunum 2013 til 2017, hefur auk þess tekið sæti í stjórn Monerium í stað Gísla Heimissonar, forstöðumanns hugbúnaðarsviðs Kortaþjónustunnar. Fyrir í stjórn sitja þeir Magnús E. Björnsson og Eric Stubbs. Á meðal stofnenda Monerium eru þeir Jón Helgi Egilsson og Sveinn Valfells.

# Breska ríkið selur tæp átta prósent í Royal Bank of Scotland




Bresk stjórnvöld tilkynntu á mánudag um áform sín um að selja 7,7 prósenta hlut í Royal Bank of Scotland. Talið er að söluandvirðið geti numið allt að 2,6 milljörðum punda eða sem jafngildir tæplega 365 milljörðum króna. Eftir söluna mun breska ríkið eiga 62,4 prósent í bankanum en hann var þjóðnýttur að stórum hluta í bankakreppunni haustið 2008. Breski Verkamannaflokkurinn hefur gagnrýnt áformin en breskir íhaldsmenn vilja hins vegar að ríkið losi hraðar um hlut sinn í bankanum. Breskir skattgreiðendur munu tapa milljörðum króna á sölunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Frídagar skóla fleiri en foreldra



**Halldór Benjamín Þorbergsson**
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Skólaslit grunnskóla eru í vikunni. Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands eru skóladagar nemenda í grunnskólum 180 á ári. Nemendur í grunnskólum eru því ekki í skóla 185 daga ársins, en inni í því eru helgarfrí, próf og lögbundnir frídagar auk sumar- og jóla- og páskaleyfis. Ef skóladagatöl nokkurra skóla í Reykjavík eru skoðuð fyrir skólaárið 2017-2018, má telja 27 daga frá skólasetningu 22. ágúst til skólaslita 7. júní þar sem skólahald er ekki með hefðbundnum hætti og sem eru utan almennra frídaga á vinnumarkaði. Það eru sem sagt dagar þar sem börn eru annaðhvort í fríi eða allan daginn í skólanum og foreldrar eru ekki í lögbundnu fríi og verða að gera ráðstafanir. Samkvæmt skóladagatalinu eru þetta; 5 dagar í vetrarleyfi, 5 skipulagsdagar, 10 skertir dagar í kringum skólasetningu, skólaslit, jólaskemmtanir, öskudag og fleiri, auk 7 daga í kringum jól og páska.

Við getum tekið dæmi um útivinnandi foreldri sem á að meðaltali 25 frídaga á ári og er með barn á aldrinum 6-9 ára í grunnskóla í Reykjavík. Einstætt foreldri, sem ekki getur fengið aðstoð frá ömmu, afa eða öðrum nákomnum er því fljótt að klára frídaga sína ef það ætlaði að taka alla þessa daga í frí. Til að eiga inni fleiri sumarfrísdaga yfir sumarið verða foreldrar að grípa til frístunda yfir vetrartímann. Mánuður á frístundaheimili í Reykjavík kostar 17.285 krónur með hressingu fyrir barnið. Ef viðvera er lengd t.d. á þeim frídögum sem boðið er upp á frístund bætast við 2.013 krónur. Ef miðað er við frístundadagatöl eru þessir heilu dagar 15 talsins og kosta foreldra 30.195 krónur sem er viðbótarkostnaður við mánaðarlegt gjöld frístundarinnar. Þessi viðbótarkostnaður dugir þó ekki til að leysa allan vandann. Þeir dagar sem frístundin er lokuð ásamt skólanum geta verið allt að 10 yfir skólaárið. Tíu daga á ári hafa foreldrar því ekki annarra kosta völ en að taka sér frí ef miðað er við 25 frídaga á ári sitja eftir 15 dagar til að taka sumarfrí.

Í íslenskum grunnskólum er sumarfrí mjög langt og telur rúmlega 14 vikur. Það gefur strax augaleið að foreldrar geta með engu móti verið í jafn löngu fríi. Brúa þarf langt tímabil yfir sumartímann. Til þess verða foreldrar að skrá börn sín á sumarnámskeið eða finna aðra afþreyingu. Slík námskeið eru ekki ódýr. Ef miðað er við að eitt barn sé á námskeiði hjá skátunum (ódýrasta námskeiðið í boði) er kostnaðurinn 13 þúsund á viku, eða 52 þúsund fyrir allan mánuðinn. Íþróttafélögin bjóða einnig upp á ýmis sumarnámskeið og þar eru tvær vikur á 20 þúsund og mánuðurinn 40 þúsund krónur. Vika á frístundaheimili í Reykjavík kostar 8.910 yfir sumartímann eða 35.640 krónur á mánuði. Þetta er einungis miðað við eitt barn og því hækkar kostnaðurinn ef börnin eru fleiri, en þó er stundum veittur systkinaafsláttur.

Ef allt er tekið saman og miðað er við að barn sé í frístund um það bil níu mánuði á ári auk allra heilu daganna og að barnið sé t.d. á sumarnámskeiði hjá íþróttafélagi í 10 vikur yfir sumarið er heildarkostnaður foreldra 285.760 krónur. Staðan er því ekki ákjósanleg fyrir fjölskyldur. Lítið er eftir af frídögum sem hægt er að nýta í frí saman yfir sumarið og kostnaður talsverður.

Staðan er þá enn verri fyrir foreldra sem eru með börn bæði á leikskólaaldri og í grunnskóla, þar sem oft er ekki samræmi á milli frídaga í grunnskóla og starfsdaga í leikskólum. Hið sama gildir um sumartímann en leikskólarnir eru yfirleitt lokaðir allan júlímánuð en frístundin er líka lokuð í 3-4 vikur og ekki víst að samræmi sé þar á milli. Sniðugt væri að lengja skólaárið og stytta þar með sumarfrí barnanna. Börn í Danmörku fá til að mynda 6 vikur í frí miðað við þær 14 vikur sem íslensk börn fá. Íslenskir grunnskólanemar eru því nokkuð færri daga ársins í skólanum en jafnaldrar þeirra á hinum Norðurlöndunum. Með því að bæta námið og lengja skólaárið væri einnig hægt að stytta grunnskólann um eitt ár, eins og Samtök atvinnulífsins hafa hvatt til.

# Mýtur varðandi starfslok



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Dreifing rangra upplýsinga þarf ekki endilega að vera illa meint. Villandi umræða er algeng varðandi fjármál við starfslok og þegar hún nær flugi getur reynst afar erfitt að leiðrétta misskilninginn. Rangfærslur ganga milli fólks, sem í góðri trú telur sig vera að hjálpa vinum og vandamönnum en getur því miður gert bága fjárhagsstöðu sumra eftirlaunaþega enn verri.

Dæmi um þetta er umræðan um skerðingar Tryggingastofnunar (TR) vegna úttektar séreignarsparnaðar. Því miður virðist þessi mýta vera ansi útbreidd, en því er haldið fram að stofnunin líti á séreign sem tekjur og því borgi sig að taka sparnaðinn út áður en sótt er um greiðslur frá TR og komast þannig hjá skerðingum.

**Rót vandans er að alltof oft eru umfangsmiklar breytingar gerðar á kerfum sem þegar eru mjög flókin.**

Hið rétta er að úttekt séreignar hefur engin áhrif á lífeyrisgreiðslur TR. Úttekt hárrar upphæðar á einu ári getur hins vegar hæglega fært fólk upp í hátekjuskatt og aukið skattgreiðslur um hundruð þúsunda. Auk þess munu vaxtatekjur utan séreignarkerfisins skerða greiðslur TR og bera fjármagnstekjuskatt, en ávöxtun séreignar er undanskilin slíku.

Önnur útbreidd mýta er að greiðslur TR séu skertar vegna eigna fólks. Sumir telja því betra að fela fjármuni fyrir stofnuninni undir koddanum. Eignir skipta hins vegar engu máli, einungis vextirnir. Hluti vaxtanna skerðir greiðslur TR, en ekki um krónu á móti krónu, eins og oft er talið. Þrátt fyrir að skerðingarnar geti verið miklar er að sjálfsögðu betra að fá einhverja vexti en enga.

Rót vandans er að alltof oft eru umfangsmiklar breytingar gerðar á kerfum sem þegar eru mjög flókin. Við getum ekki ætlast til þess að allir kynni sér þær en því fylgir ábyrgð að ráðleggja öðrum.


HB HÚSGAGNABANKINN
NÝKOMIN SENDING AF GLÆSILEGUM HÚSGÖGNUM
Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is
Tilboð 98.000
Tilboð 30.000
Tilboð 48.000
Tilboð 77.000
Tilboð 96.000
Tilboð 88.000
Tilboð 98.000
Bentley - Alklætt hágæða leðri
Tilboð 436.000
Tilboð 223.000
Tilboð 93.000
Tilboð 143.000
Tilboð 256.000
Classico - Alklætt ekta leðri
Tilboð 290.000
Lyftistóll - Alklæddur ekta leðri
Tilboð 114.000
Michigan - Alklætt ekta leðri
Tilboð 317.000
Opið frá 13 - 18 virka daga
www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 6. júní 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Allt á eina hönd

**Mikil átök** hafa verið á Alþingi undanfarna daga vegna fyrirhugaðrar lækkunar á veiðigjöldum. Fyrir liggur að sú 17 prósenta lækkun sem boðuð er fer að langstærstum hluta í vasa stórútgerðanna, jafnvel þótt boðað sé að lækka eigi svokallaðan persónuafslátt á smærri útgerðir.

**Því verður** það seint kallað annað en fyrirsláttur þegar aðgerðin er réttlætt með því að verið sé að bjarga smærri útgerðum og hinum dreifðu byggðum landsins. Mun auðveldara væri að ná þeim markmiðum með sértækari aðgerðum. Réttast er því að kalla þessa aðgerð sínu réttu nafni. Ölmusu til stórútgerða sem enga ölmusu þurfa.

**Fyrir liggur** sömuleiðis að arðsemi eigna í sjávarútvegi er mun hærri en annars staðar í atvinnulífinu, jafnvel nú þegar gengi krónunnar er í hæstu hæðum. Útgerðarmennirnir kvörtuðu hins vegar ekki meðan krónan var veik, enda hagnast þeir á meðan. Engum dettur heldur í hug að aðrar greinar í landinu þurfi sambærilega ríkisaðstoð. Eitthvað yrði nú sagt ef ríkið hefði niðurgreitt lagerinn hjá Högum eða Festi eftir að Costco kom inn á markaðinn síðastliðið sumar. Venjuleg fyrirtæki í landinu þurfa einfaldlega að hagræða þegar skórinn kreppir. Sjávarútvegurinn hefur aldrei búið við það agatól enda alltaf getað farið til ríkisins með betlistaf í hendi.

**Nú eru** væringar á markaði í sjávarútvegi eins og augljóst er af tilraun Brims til yfirtöku á HB Granda. Ekki er hins vegar endalaust hægt að taka yfir önnur fyrirtæki í sjávarútvegi.

**Annar vinkill** á þá gríðarlegu arðsemi sem verið hefur í sjávarútvegi undanfarin ár er nefnilega sá að útvegsmenn hafa látið til sín taka í óskyldum rekstri. Þannig er næststærsta dagblað landsins að stærstum hluta í eigu útgerðarinnar, og fari svo að kaup Haga á Olís verði staðfest verða útvegsmenn jafnframt stærstu einkafjárfestarnir í stærsta smásölufélagi landsins.

**Auðvitað** skýtur skökku við að ríkið sé að niðurgreiða þessa vegferð stórútgerðanna. Fylgifiskur þeirra yfirburða sem sjávarútvegsfyrirtækin njóta á önnur fyrirtæki í landinu er nefnilega sá að auður og eignir safnast á enn færri hendur. Varla vilja stjórnmálamennirnir það.

## Kostnaður við skráningu Heimavalla 155 milljónir

Kostnaður við skráningu Heimvalla í Kauphöll Íslands er áætlaður um 155 milljónir króna. Til samanburðar var rekstrarkostnaður íbúðaleigufélagsins, að kostnaði vegna fjárfestingareigna undanskildum, ríflega 97 milljónir króna á fyrsta fjórðungi ársins.

Fram kom í máli Guðbrands Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Heimavalla, á fundi með fjárfestum í síðustu viku að umræddur skráningarkostnaður yrði gjaldfærður á yfirstandandi ársfjórðungi.



Guðbrandur Sigurðsson

Viðskipti hófust með hlutabréf í Heimavöllum í Kauphöllinni 24. maí. Umtalsverð velta hefur verið með bréfin frá skráningu og hefur gengi bréfanna lækkað um 11 prósent frá meðalgenginu í hlutafjárútboði félagsins í byrjun maímánaðar.

Annar rekstrarkostnaður Heimavalla var undir áætlun á fyrsta ársfjórðungi og lækkaði um ríflega níu milljónir á milli ára. Félagið hagnaðist alls um 99 milljónir króna á tímabilinu borið saman við um 12 milljóna króna hagnað á fyrstu þremur mánuðum síðasta árs. – kij

03.06.2018

**Rekstrarskilyrði í sjávarútvegi í dag eru ekki þannig að þau eigi að bera veiðigjöld sem taka mið af afkomu árið 2015.**



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi







# Upplifðu HM á heimavelli í þinni eigin sjónvarpsstofu!




## HM leikur Fréttablaðsins og Heimilistækja

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning** og þú gætir unnið hágæða Philips 65“ snjallsjónvarp af nýjustu gerð og 32“ Philips sjónvarp að auki. Vinningur að verðmæti **259. 995 kr!**



Drögum út einn heppinn vinningshafa þann **12. júni** næstkomandi.

Nánari upplýsingar um leikinn og vinningana á

**www.frettabladid.is/hmleikur**

FRÉTTABLAÐIÐ

Heimilistæki



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bragi Einarsson**
Yrsufelli 2,
Reykjavík,

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 30. maí. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 8. júní kl. 15.00.

**Soffía Bragadóttir** **Sigurður Daníelsson**
**Sigrún Bragadóttir** **Knútur G. Hauksson**
**Helga Bragadóttir**
**Kjartan Broddi Bragason** **Ása Björk Stefánsdóttir**
**Brynhildur Bragadóttir** **Ingólfur Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

**Katrínar Þóroddsdóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Reynihlíðar fyrir alúðlega umönnun og vináttu.

**Sæmundur Þóroddsson**
**Baldvin Þóroddsson** **Petra Verschüer**
**Snjólaug Þóroddsdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**Kristín S. Þóroddsdóttir**
**Guðjón S. Þóroddsson** **Kristín M. Magnadóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ingi Þór Björnsson**
Flúðaseli 14, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á líknardeild Landspítalans 1. júní síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 8. júní kl. 15.00.

**Helga Þóra Þórsdóttir**
**Erna Björk Ingadóttir** **Sigurpáll Óskar Sigurðsson**
**Eva Lind Ingadóttir**
**Elísa Ösp Ingadóttir** **Hrafnkell Helgason**
**og barnabörn.**



✝

Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Bergþórsson**
fv. stöðvarstjóri á
Nýju sendibílastöðinni,

lést mánudaginn 4.6.
Útför hans fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 14. júní kl. 15.00.

**Brynja Jónsdóttir** **Jón Jóhannsson**
**Guðrún Jónsdóttir** **Tómas Jónsson**
**Sóley Jónsdóttir**
**Bergþór Jónsson** **Rósa Guðmundsdóttir**
**Kristín Jónsdóttir Njarðvík** **Kristján Þorsteinsson**
**Margrét Jónsdóttir Njarðvík** **Hálfdán Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Perlan og uppáhaldið okkar,

**Arnrún Antonsdóttir**
Suðurtúni 30, Álftanesi,

lést á sjúkrahúsi í Berlín 23. maí. Minningarathöfn fer fram í Vídalínskirkju föstudaginn 8. júní klukkan 13.00. Blómasendingar eru vinsamlega afþakkaðar en þeim sem vilja styrkja málefni sem var Öddu okkar kært er bent á Krýsuvíkursamtökin.

**Ingvi Þór Sigfússon**
**Anton Líndal Ingvason** **Guðrún Lilja Lýðsdóttir**
**Þórður Guðni Ingvason** **Hrönn Brandsdóttir**
**barnabörn.**



Gerður var fjölhæf listakona og sýningin í safninu sem kennt er við hana endurspeglar það. MYND/GERÐARSAFN

# Gerður var brautryðjandi

**Á nýrri sýningu í Gerðarsafni í Kópavogi er sjónum beint að ævi og fjölbreyttum listferli Gerðar Helgadóttur myndhöggvara (1928-1975) en hún tók forystu í þrívíðri abstraktlist og glerlist hérlendis.**



Kristín Dagmar ásamt opnunargesti að glugga í bók um Gerði. MYND/ANTON BRINK

Við eigum næstum 1.400 verk eftir Gerði og komum þeim auðvitað ekki öllum fyrir í einu í okkar sölum en sýningin varpar ljósi á ólík tímabil í lífi hennar,“ segir Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, safnstjóri Gerðarsafns í Kópavogi, um yfirlitssýningu í tilefni þess að 90 ár eru frá fæðingu listakonunnar Gerðar Helgadóttur sem safnið er kennt við.

Sýningin skiptist í fimm kafla sem nefndir nefndir eru Grunnur, Vinnustofa, Gluggi, Garður og Rými. „Í Grunninum eru verk frá því Gerður var 16 ára gömul að vinna undir handleiðslu Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara,“ lýsir Kristín. „Svo erum við með skólaverk sem hún gerði í Flórens á Ítalíu, þar lærði hún klassískar aðferðir í steinhöggi en langaði að huga meira að módernismanum svo hún hélt til Parísar og þar varð hún fyrir sterkum áhrifum af abstraktlist. Gerður var brautryðjandi því hún var fyrsti íslenski listamaðurinn sem sýndi verk hér á landi unnin beint í járn og stál og öll abstrakt. Það var árið 1952 í Listamannaskálanum sem þá stóð við Austurvöll.

Kaflinn Vinnustofa opnar sýn á aðferðir Gerðar við óhlutbundin listaverk í járn. Gluggi endurspeglar það tímabil er hún vann steinda glugga bæði hérlendis og í Evrópu. Garður vísar í það er hún setur upp sýningu á steypu-, gifs- og leirverkum í garði sínum í Frakklandi og Rými endurspeglar síðustu ár hennar og fjölda verka sem hún vann í almenningsrými. Þannig göngum við gegnum söguna og viljum að fólk finni fyrir því hver Gerður var. Hún hefði orðið níræð í apríl á þessu ári, en náði aðeins 47 ára aldri. **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Kristjánsdóttir**

andaðist þann 25. maí síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir eru til starfsfólks lungnadeildar LSH.

**Fh. aðstandenda, Þórarinn Óskarsson**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Þórir Beck**
kennari,

lést að kvöldi 3. júní á Hrafnistu í Hafnarfirði. Jarðarförin auglýst síðar.

**Börn hins látna.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Lilju Jónsdóttur**

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu í Kópavogi fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Ásta Garðarsdóttir** **Sturla Þórðarson**
**Helga Garðarsdóttir** **Sigurjón Sindrason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

**Arnfinnur Scheving Arnfinnsson**
Eyrarflöt 4, Akranesi,

lést sunnudaginn 27. maí á Dvalarheimilinu Höfða. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 8. júní klukkan 13.

**Margrét Arnfinnsdóttir**
**Þórdís Ásgerður Arnfinnsdóttir** **Gylfi Jónsson**
**Maren Lind Másdóttir** **Gunnar Harðarson**
**Helena Másdóttir** **Ársæll Ottó Björnsson**
**og barnabarnabörn.**


SAMSUNG
Komdu í Lágmúla
og gerðu góð kaup!
10 dagar í keppni
HM-tilboð
þegar græni liturinn skiptir öllu máli
Fullt hús af Samsung sjónvörpum í mörgum stærðum og gerðum, bognum eða beinum, bara Samsung gæði.
UE65MU9005
299.900,-
UE55MU9005
269.900,-
QE55Q7C
249.900,-
QE65Q7C
359.900,-
UE55MU7055
189.900,-
UE75MU7005
389.900,-
UE55MU6175
129.900,-
UE75MU6175
349.900,-
UE55MU6455
169.900,-
SAMSUNG
SETRIÐ
NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hæg suðlæg eða breytileg átt í dag, skýjað að mestu og sums staðar þokuloft. Bjart með köflum á Norður- og Austurlandi, en líkur á þokumóðu við sjóinn. Hiti 8 til 20 stig, hlýjast í innsveitum norðaustanlands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 12° | 15° |
| ↘ 3 | ↗ 8 | ↓ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 17° | 16° | 13° |
| ↓ 2 | ↗ 5 | ↗ 4 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 14° |
| ↑ 6 | ↗ 11 | ↗ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 19° | 16° | 10° |
| → 2 | ↑ 5 | ↑ 7 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. hestburður
5. metaskál
6. tveir eins
8. tré
10. í röð
11. ónn
12. málmur
13. fugl
15. að vísu
17. moka

**LÓÐRÉTT**
1. sólár
2. á endanum
3. seytla
4. fljúga
7. svelta
9. dökkna
12. broddur
14. tækifæri
16. frá

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hlass, 5. vog, 6. vv, 8. akasía, 10. rs, 11. ofn, 12. úran, 13. álft, 15. raunar, 17. grafa.
**LÓÐRÉTT:** 1. hvarfár, 2. loks, 3. aga, 4. svífa, 7. vannæra, 9. sortna, 12. úfur, 14. lag, 16. af.

## Skák Gunnar Björnsson

Arnar Heiðarsson (1.657) átti leik gegn Jóni Úlfljótssyni (1.700) á Íslandsmótinu í skák í Valsheimilinu.

**Hvítur á leik**

**14. Rxb5! Hc8?** (14...cxb5 15. Bc7 De8 er betra). **15. Ra7 Ha8 16. Rxc6 1-0.** Hannes Hlífar Stefánsson og Helgi Áss Grétarsson voru efstir með 4½ vinning eftir 5 umferðir. Sjöunda umferð hefst í dag kl. 16.30.

**www.skak.is:** Íslandsmótið í skák



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Aðalfundur
## Hollvina Grensásdeildar

verður haldinn í dag 6. júní 2018.
í kennslustofu Grensásdeildar
og hefst kl. 17:00.

**Dagskrá fundarins:**

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2017
Ársreikningur 2017
Kjör stjórnar - önnur mál



**Allir velunnarar Grensásdeildar hjartanlega velkomnir**

HOLLVINIR GRENSÁSS

Stjórn Hollvina Grensásdeildar

Hollvinir Grensás safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði deildarinnar

www.grensas.is

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

BÓNUS · FJÖRÐUR · Samkaup · bóksala stúdenta · SMÁRALIND · Kringlan · N1 · nettó · olís · Háma






FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI
DORMA
Láttu drauminn rætast
Gerðu gott mót betra með DORMA
ÁFRAM ÍSLAND
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

HM-LEIKUR DORMA
Allir sem kaupa stillanlegt rúm í Dorma meðan á HM í Rússlandi stendur* lenda í potti og geta unnið 65" UHD snjallsjónvarp frá Samsung að verðmæti 199.995 kr.
Dregið verður 12. júlí og vinningshafinn getur horft á úrslitin í nýju sjónvarpi.

*Leikurinn stendur fram yfir undanúrslit.
Komdu og veldu þér þitt draumasæti

TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR
AVIGNION
hægindastóll
Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli.
Leður á slitflötum eða grátt áklæði
Fullt verð í áklæði : 109.900 kr. Fullt verð í leðri : 129.900 kr.
Aðeins 82.425 kr. Aðeins 97.425 kr.
Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is
Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði
DORMA
Láttu drauminn rætast

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



**„Líkaminn er mikil uppspretta í mynd- og danslist og við tengjum höggmyndalist þeirra hjóna lifandi líkömum," segir Jóní og á þar við hjónin Ásmund Sveinssyni og Gunnfríði Jónsdóttur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allt verður að einni stjörnu í Ásmundarsal

## Dans-og myndlistarverkið Atómstjarna verður frumsýnt 8. júní í Ásmundarsal við Freyjugötu.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Atómstjarna er marglaga verk á mörkum allra listgreina, tónlist, myndlist, danslist, leiklist og gjörningalist," segir Jóní Jónsdóttir myndlistarkona þegar hún er beðin að lýsa Atómstjörnu, upplifunarverki sem frumsýnt verður í Ásmundarsal við Freyjugötu 41 á föstudaginn.

„Við erum þrjár saman, ég og danshöfundarnir Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Steinunn Ketilsdóttir, sem erum búnar að vinna að þessu verkefni í um tvö ár," heldur Jóní áfram. „Það byrjaði þannig að ég hafði gert búninga, leikmyndir og fleira í verkum þeirra, úr því varð til vinátta og við ákváðum að gera verk saman, þar sem við værum allar höfundar. Steinunn var í mastersnámi í performansfræðum úti í New York og við Sveinbjörg fórum út að heimsækja hana og vorum í viku í borginni að skoða myndlist, fara á tónleika, danssýningar, leiksýningar og gjörninga."



Jóní segir New York heimsóknina hafa verið innspýtingu fyrir ferlið sem varð að Atómstjörnunni þar sem þær stöllur fjalli um manneskjuna og skoði hana út frá kerfum líkamans, náttúrunnar og heimsins en einnig hinu óþekkta eins og fjarvíddum geimsins.

*Það er sem sagt allt undir?*

„Já, en svo nær það að kristallast í myndum, hreyfingum, myndlist og búningum og allt verður að einni stjörnu í Ásmundarsal."

*Gekk ykkur vel að fá fólk til samstarfs úr hinum ýmsu listgreinum?*

„Já, mjög vel. Við erum með flottan hóp af dönsurum og Ingvar Sigurðsson sem er meðal okkar bestu leikara, Eva Signý Berger sér um útlit og Áskell Harðarson um hljóðheiminn. Þetta er stórskotalið og svo er klárt fólk í tækni-og framkvæmdastjórn. Það hefur þurft mikið skipulag til að ná öllu saman og það er stórkostlegt að vera í þessu húsi, Ásmundarsal, sem er verið að opna almenningi eftir endurbætur og breytingar."

Jóní segir Atómstjörnuna í og með hverfast um húsið og fólkið sem byggði það, þau Gunnfríði Jónsdóttur og Ásmund Sveinsson. „Gunnfríður sá fyrir þeim Ásmundi með saumaskap meðan hann var í námi, ferðaðist með honum til Grikklands og bjó í Kaupmannahöfn. Líkaminn er mikil uppspretta í mynd- og danslist og við tengjum höggmyndalist þeirra hjóna lifandi líkömum."

*Heldurðu að gestir sýningarinnar nái að fanga allar þessar hugmyndir ykkar?*

„Það er rannsókn í sjálfu sér," svarar Jóní. „Okkar spenna í gerð verksins er að sjá hvort okkur tekst að búa til heild úr öllum þessum brotum. En ég er bjartsýn á það. Við vorum með atriði úr verkinu á setningarathöfn Listahátíðar, það gaf tóninn og áhorfendur virtust hrifnir."

Jóní segir fólk geta keypt sér miða á ákveðnar sýningar í Ásmundarsal sem taka tæpa tvo tíma. „En fólk sest ekki niður og horfir þaðan á heildardagskrá, heldur gengur um húsið og upplifir eitthvað nýtt hvar sem það stígur niður fæti. Ásmundarsalur er jafnframt opinn frá 10 til 17, þá er hægt að sjá innsetningar og vídeó og svo detta þar inn pop-up sýningar sem við auglýsum á samfélagsmiðlum með stuttum fyrirvara, það er í raun óvænt hvort hver og einn verður vitni að lifandi manneskju í rýminu eða ekki."



**Höfundarnir Steinunn Ketilsdóttir, Jóní Jónsdóttir og Sveinbjörg Þórhallsdóttir.** MYND/EIRÚN SIGURÐARDÓTTIR

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 6. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Kammerkór Hafnarfjarðar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar** ? Hafnarfjarðarkirkja
Kammerkór Hafnarfjarðar flytur verk allt frá miðöldum fram til dagsins í dag. Stjórnandi kórsins er Helgi Bragason.

**Hvað?** Frank & Jói : The Mystery of Time & Space
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Frank og Jói er hljóð- og myndsamstarf æskuvinanna Þorgeirs Frímanns Óðinssonar og Jóhanns Reynissonar.

**Hvað?** Ding ding – Útgáfutónleikar Indriða
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Þann 6. júní blæs Indriði til útgáfutónleika og fagnaðar á skemmtistaðnum Húrra. Nýjasta plata hans sem ber nafnið Ding ding kom út 18. maí í gegnum útgáfufyrirtækið Figureight. Fyrir þessa tónleika hefur Indriði sett saman band af mörgum færustu hljóðfæraleikurum landsins og má búast við listilega samsettri og fjölbreyttri dagskrá. Um kvöldið koma einnig fram Special–K og Styrmir Örn Guðmundsson. Special-K er verkefni Katrínar Helgu Andrésdóttur. Hún er meðlimur í hljómsveitunum Krika, Reykjavíkurdætrum og einnig spilar hún í hljómsveit Sóleyjar. Styrmir Örn Guðmundsson er myndlistarmaður sem hefur undanfarin ár dvalið í Hollandi og Póllandi. Gjörningar og list hans hafa blómstrað víða um heim, en hans síðasta verkefni er hinn túrandi hipphopp-gjörningur What am I doing with my life? sem ferðaðist víða um Evrópu og var að lokum fluttur í Kling og bang í nóvember í fyrra.



**Eldri borgurum býðst að ganga upp að Höfða og fá fræðslu um sögu hússins í dag.**

### Viðburðir

**Hvað?** Hafðu áhrif – Fögnum framúrskarandi kennurum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hátíðarsalur Háskóla Íslands
Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur síðustu vikur kallað eftir tilnefningum frá almenningi um framúrskarandi kennara. Tilgangurinn með átakinu er að vekja athygli þjóðarinnar á kennarastarfinu; hversu áhugavert og skemmtilegt það er og hversu mikil áhrif kennarar geta haft á einstaklinga og samfélag. Í dag verða niðurstöðurnar kynntar þegar fimm framúrskarandi kennarar hljóta viðurkenningar fyrir störf sín. Í fyrsta sinn verða veitt sérstök hvatningarverðlaun til ungs kennara sem hefur vakið eftirtekt fyrir góð störf í þágu menntamála á alþjóðavettvangi. Boðið verður upp á hádegissnarl og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Stutt gönguferð með sögustund Fyrir eldri borgara með Sóltúni Heima
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Sóltún
Hist er fyrir utan hjúkrunarheimilið Sóltún, Sóltúni 2, og gengið að Höfða, stutt sögustund um hið sögufræga hús. Gangan er fyrir alla sem treysta sér til að ganga í minnst 20 mínútur í einu. Leiðbeinandi er Ásdís Halldórsdóttir íþróttafræðingur. Kostar ekkert, bara mæta með góða skapið.

**Hvað?** Erindi Liikanen seðlabankastjóra Finnlands í Hörpu á miðvikudag
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Harpa
Erkki Liikanen, seðlabankastjóri Finnlands, heimsækir Ísland í þessari viku og heldur erindi í Kaldalóni í Hörpu. Erindið sem verður flutt á ensku ber yfirskriftina „Reforming the EU banking system, where do we stand?“. Erkki Liikanen hefur verið seðlabankastjóri í Finnlandi frá árinu 2004 en lætur af störfum í júlí nk. Hann hefur á síðustu árum einnig verið þekktur á alþjóðlegum vettvangi fyrir að hafa stýrt nefnd um umbætur á bankakerfi Evrópusambandsins, m.a. varðandi mögulegan aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Yfirleitt er vísað til skýrslu nefndarinnar sem Liikanen-skýrslunnar.

### Sýningar

**Hvað?** Sumarsýning: Sigurþór Jakobsson „Vinir mínir í sveitinni“
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Vesturgata 7
Málverk og grafík.







# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur





**ARRESTED DEVELOPEMENT**
KL. 19:30
Fimmta serían um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Eitt og annað hefur drifið á daga þeirra síðan í síðustu þáttaröð en þau eru söm við sig þegar kemur að óvæntum uppákomum og vandræðalegum augnablikum.

Magnaður **Miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**THE TRUTH ABOUT YOUR TEETH**
KL. 20:25
Vandaðir og mjög áhugaverðir heimildarþættir sem fjalla um allt sem viðkemur tönnum og tannheilbrigði, hvað við getum gert til að viðhalda góðri tannheilsu og rætt verður við nokkra einstaklinga sem glíma við ýmiss konar tannvandamál. **Seinni hlutinn verður sýndur eftir viku.**

**THE DETAIL**
KL. 21:25
Dramatískir sakamálaþættir um þrjár ólíkar lögreglukonur sem eiga það sameiginlegt að leysa erfið glæpamál í vinnunni en þurfa líka að vera hörkutól á öðrum vígstöðvum.




**NASHVILLE**
KL. 22:10
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**TWO GUNS**
KL. 22:00
Lögreglumaður og maður úr leyniþjónustu sjóhersins fá það verkefni að rannsaka hvor annan en komast fljótlega að því að mafían stendur að bak við allt saman.






Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is


## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Grand Designs
**11.05** Spurningabomban
**11.55** The Good Doctor
**12.35** Nágrannar
**13.00** Major Crimes
**13.45** Project Runway
**14.35** The Path
**15.25** The Night Shift
**16.10** Heilsugengið
**16.35** The Simpsons Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Fréttayfirlit og veður
**19.00** Ísland í dag
**19.15** Sportpakkinn
**19.30** Arrested Developement Fimmta þáttaröðin um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Eitt og annað hefur drifið á daga þeirra síðan í síðustu þáttaröð. Lindsey ætlar sér stóra hluti í stjórnmálum og fjölskyldan hyggst styðja við bakið á henni en gerir oft meira ógagn en gagn. Óvissa ríkir enn í ástarmálum George Michael og Maeby á alltaf stað í hjarta hans. Gob og Buster eru samir við sig og eru endalaus uppspretta af kómískum uppákomum og vandræðalegum augnablikum. Tobias heldur áfram að reyna finna sig og foreldrarnir Lucille og George eldri eru enn við sama heygarðshornið. Enn mæðir þó á Michael að halda utan um fjölskylduna enda eru þau varla í tengslum við raunveruleikann og halda áfram að gera honum lífið leitt. Það verður því enginn svikinn af þessum óborganlegu gamanþáttum þar sem ferskur og hárbeittur húmor eru ávallt skammt undan.
**19.55** Arrested Developement
**20.25** The Truth About Your Teeth Vandaðir heimildarþættir þar sem fjallað er um allt sem viðkemur tönnum og tannheilbrigði, hvað við getum gert til að viðhalda góðri tannheilsu og rætt verður við nokkra einstaklinga sem glíma við ýmiss konar tannvandamál.
**21.25** The Detail
**22.10** Nashville
**22.55** High Maintenance
**23.25** Deception
**00.50** Barry
**01.25** Rules Don't Apply
**03.30** Mosaic
**04.15** Mosaic
**05.05** Mosaic

## STÖÐ 2 SPORT

**09.10** Pepsímörkin
**10.45** Þór/KA - Stjarnan
**12.30** Breiðablik - KR
**14.20** FH - KA
**16.10** Mjólkurbikarmörkin
**17.25** Fyrir Ísland
**18.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.55** Premier League World
**19.25** Goals of the Season
**20.20** Pepsímörkin
**21.55** Golden State Warriors - Cleveland Cavaliers

## STÖÐ 3

**19.10** Man Seeking Woman
**19.35** Last Man On Earth
**20.00** Seinfeld
**20.45** Stelpurnar
**21.10** Two and a Half Men
**21.35** Friends
**22.00** The Newsroom
**23.15** The Hundred
**00.25** Supergirl
**01.10** Arrow
**01.55** Last Man On Earth
**02.20** Seinfeld
**02.45** Friends
**03.10** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveins
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Grettir
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Tindur
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og litli
**13.13** Grettir
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Tindur
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og litli
**17.13** Grettir
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Tindur
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ástríkur á Ólympíuleikunum

Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** US Women's Open
**13.25** The Memorial Tournament
**19.10** Golfing World
**20.00** PGA Highlights
**20.50** The Memorial Tournament

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15** My Old Lady
**13.00** Madame Bovary
**15.00** Evan Almighty
**16.35** My Old Lady
**18.25** Madame Bovary
**20.25** Evan Almighty Frábær gamanmynd frá 2007 með Steve Carell í aðalhlutverki og er sjálfstætt framhald af Bruce Almighty þar sem Óskarsverðlaunaleikarinn Morgan Freeman snýr aftur í hlutverki Guðs og Steve Carell leikur Evan.
**22.00** 2 Guns
**23.50** Underworld: Blood Wars Spennandi hrollvekja frá 2016 með Kate Beckinsale en hún leikur vampíru- og varúlfabanann Selenu, sem sjálf er vampíra gædd yfirnáttúrulegum kröftum og hæfileikum. Hún sver þess eið ásamt sínum helsta bandamanni, David, og föður hans Thomasi, að ganga endanlega á milli bols og höfuðs á gjörvallri varúlfaættinni, ófreskjunum sem þeim fylgja og vampírunum sem sviku hana, jafnvel þótt það geti kostað hana sjálfa lífið.
**01.20** Resident Evil: The Final Chapter
**03.05** 2 Guns

## RÚV

**16.25** Í garðinum með Gurrý
**16.55** Golfið
**17.20** Leiðin á HM
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Tré-Fú Tom
**18.22** Krakkastígur
**18.27** Sanjay og Craig
**18.50** Vísindahorn Ævars
**18.54** Vikinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Fjársjóður framtíðar
**20.30** Hvað hrjáir þig?
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Elskan mín, ekki halda yfir ána
**23.45** Kastljós
**00.00** Menningin
**00.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.43** The Tonight Show
**09.28** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.48** How I Met Your Mother
**13.11** Dr. Phil
**13.56** Odd Mom Out
**14.21** Royal Pains
**15.08** Man With a Plan
**15.34** Gudjohnsen
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.09** How I Met Your Mother
**17.32** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** American Housewife
**20.10** Kevin (Probably) Saves the World
**21.00** The Resident
**21.50** Bull
**22.35** Incorporated
**23.25** The Tonight Show
**00.45** Touch
**01.30** 9-1-1
**02.15** Instinct
**03.05** How To Get Away With Murder
**03.50** Zoo
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Milwaukee hátíðin verður fimmtudaginn 7. Júní í Síðumúla 9.

Tilboð á Milwaukee verkfærum

# VERKFÆRA SALAN

Sérfræðingar frá Milwaukee verða á staðnum.
Hamborgarar og pylsur á grillinu.
Komdu og prófaðu öll nýjustu verkfærin frá Milwaukee.




**M12**

**SETT**
CPP2A-402C
SETT SEM SAMANSTENDUR AF BORVÉL 44NM M/HÖGGI OG HÖGGSKRÚFVÉL 135NM. 2X4,0AH RAFHLÖÐUR OG HLEÐSLUTÆKI.
VNR: **MW 4933440992**

**49.900,-**

**M18**

**BORVÉL M18**
FPD-502XA FUEL
TVEGGJA HRAÐA MEÐ HÖGGI 135NM. FYLGJA 2×5,0 AH RAFHLÖÐUR, HLEÐSLUTÆKI OG 100STK AUKAHLUTAPAKKI.
VNR: **MW 4933464127**

**67.900,-**

**M18**

**SLÁTTUORF**
M18 CLT-0 FUEL™
NÆR FULLUM HRAÐA Á 1 SEK. TVEGGJA HRAÐA.
STÓR HLÍF. STÖK VÉL. ÁN RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUTÆKIS
VNR: **MW 4933459345**

**37.900,-**



**M18**

**SETT**
M18 ONE-KEY™ FUEL™
BORVÉL ONE-KEY 135NM, SLÍPIROKKUR 125MM, 3X5,0AH RAFHLÖÐUR OG HLEÐSLUTÆKI.
VNR: **MW 4933459359**

**106.900,-**

**M18**

**VERKFÆRA-SETT**
M18FPP6A
BORVÉL, SLÍPIROKKUR, HERSLUSKRÚFVÉL, HJÓLSÖG, SVERÐSÖG, 3X5,0AH RAFHLÖÐUR OG HLEÐSLUTÆKI.
VNR: **MW 4933451243**

**185.900,-**

# HAPPDRÆTTI

**Allir sem versla Milwaukee vörur á tímabilinu 28.Maí-28. Júní eiga kost á því að vinna PackOut töskusett að verðmæti**

**Kr. 49.900.-**

***6 sett verða dregin út***



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og áskilinn er réttur til breytinga. Verð í bækling gilda til 30. júní 2018.


**DALSHRAUN 13**
**220 HAFNARFJÖRÐUR**

**SÍÐUMÚLI 9**
**108 REYKJAVÍK**

**DALSBRAUT 1**
**600 AKUREYRI**

**VERKFÆRASALAN EHF • WWW.VFS.IS • VFS@VFS.IS • 560-8888**





# Það sem Jessie J vill baksviðs



- **6** lítraflöskur af vatni við stofuhita
- **12** litlar flöskur af vatni við stofuhita
- **1** pakki af piparmintutei (án koffíns)
- **1** hreinn trönuberjasafi
- **1** flaska af sódavatni
- **4** sítrónur
- **1** poki af hind-, bróm- og bláberjum
- **1** stórt, ferskt engifer
- **2** stórir pokar af grænmetisflögum
- **1** poki af kasjúhnetum, léttsöltuðum
- **1** poki pistasíuhnetur
- **1** pakki af kókoshnetustöngum
- **1** poki sólblómafræ

Stórstjarnan Jessie J heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld. Þetta er í annað sinn sem hún kemur til Íslands. Lagið hennar Bang Bang hefur fengið yfir milljarðs áhorf á Youtube. Og eins og stórstjörnu sæmir er hún með kröfur um veitingar baksviðs.

Hin frábæra söngkona, lagasmiður og ofurstjarna, Jessie J á meðal annars risasmellina Price Tag, Bang Bang, Domino, Do it Like a Dude, Flashlight, Masterpiece og fleiri. Stutt er í nýja plötu frá listakonunni.

Jessie J kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2011 með fyrstu plötunni sinni Who You Are en á þeirri plötu komust sex lög á topp tíu í Bretlandi en lagið Price Tag fór í efsta sætið um allan heim. Er hún fyrsti kvenmaðurinn sem nær sex lögum af sömu plötu inn á topp 10.

Lagið Domino kom svo næst og fór það beint í efsta sæti um allan heim en með því lagi náði Jessie J fótfestu í Bandaríkjunum. Með ofursmellinum Bang Bang, þar sem hún fær Ariana Grande og Nicky Minaj með sér, er hún virkilega búin að stimpla sig inn sem ofurstjarna.



Jessie J hefur af mörgum talin vera með eina albestu söngrödd poppheimsins í dag. Margir sáu hana árið 2012 í sjónvarpinu á lokathöfn Ólympíuleikanna í London, þar sem hún söng We Will Rock You með hljómsveitinni Queen. Hún hefur einnig verið þjálfari í bresku þáttunum The Voice.

Hún semur flest lögin sín sjálf en áður en hún hóf söngferil sinn vann hún við að semja lög fyrir aðra. Hefur hún m.a. samið fyrir Miley Cyrus. Justin Timberlake, Chris Brown, David Guetta og marga fleiri.

Yfir milljarður manna hefur horft á lagið Bang Bang á Youtube. Um 700 milljónir hafa horft á Price Tag, Domino hefur 260 milljón áhorf. Síðustu tónleikar Jessie J í Laugardalshöll voru algerlega frábærir en það seldist upp á þá tónleika á innan við sólarhring.

benediktboas@frettabladid.is

- **1** pakki af tekexi
- **1** poki af ostapoppi
- **1** krukka af hummus
- **1** pakki af litlum gulrótum
- **1** gúrka
- **1** rauðvín, Pinot Noir Malbec
- **1** ferskur ananasdjús
- **6** bananar
- **6** litlar appelsínur
- **2** pakkar af mintutyggjói

**RAFTÆKI:**

- **1** ketill
- **1** ísskápur fyrir alla drykkina, nema vatnið
- **1** gufugæi
- **2** framlengingarsnúrur og straumbreytir fyrir enska hleðslu




Kjörís
ÁFRAM ÍSLAND
KÍKTU Í KASSANN!
ÞAÐ GÆTI LEYNST VINNINGUR
Í ÞÍNUM KASSA.
ÍSBOLTI



Halldór Halldórsson, kenndur við DNA, mun þurfa að eiga við taugarnar í bardagahring hugans á næstu dögum en hann lagði nánast aleiguna undir að íslenska landsliðið sigraði það argentínska á HM í knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dramatúrgur veðjar aleigunni á ævintýrið

**Halldór Halldórsson**, betur þekktur sem Dóri DNA, veðjaði tæplega 100 þúsund krónum á sigur Íslendinga gegn Argentínu í HM í fótbolta. Hann byggir ákvörðunina á menntun sinni sem dramatúrg.




Ég er bara „putting my money where my mouth is“ svarar Dóri spurður að því út í hvað hann sé eiginlega búinn að koma sér – en hann gerði sér lítið fyrir síðasta mánudagskvöld og lagði 800 evrur, um 100 þúsund íslenskar krónur, á leik Íslands á móti Argentínu á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Stuðullinn er 11,50 og ef Ísland vinnur eignast Halldór heilar 9.200 evrur – tæplega 1,2 milljónir króna. Það eru nokkrar náttúruvínsflöskur.

„Mér er sagt að þetta sé okkar tækifæri – líkunum samkvæmt er ólíklegt að svona lítil þjóð komist aftur á heimsmeistaramótið og ég ætla bara að fá premium pakkann á þessu öllu saman,“ segir Halldór en hann er á leiðinni til Moskvu til að verða vitni að ávöxtun aleigunnar, eða þá því þegar hann fer gjörsamlega á kúpuna.

„Ég er að leita að fólki sem getur haldið á mér inn á völlinn og út af honum aftur.

„Nota bene, ég vil vitna í nám mitt sem dramatúrg – ég veit að sama hvar við endum á þessu móti erum við alltaf að fara að vinna Argentínu, sem töpuðu í framlengingu í úrslitum fyrir fjórum árum. Öll teiknin eru á lofti sem gera þetta að klassísku ævintýri. Þegar Gylfi slasaðist hugsaði ég „þetta er búið“ en þegar Aron slasaðist líka – þá varð alveg kýrskýrt að við værum að fara að vinna þennan fyrsta leik. Núna til að króna þetta, ef við förum í sögu aðalhetjunnar, Vogler, þá erum við búin að fara á fund lærimeistarans, Lars, og læra þar dýrmæta lexíu,“ segir Dóri og vitnar þar í reglur handritahöfundarins og fyrirlesarans Christophers Vogler um hvernig saga skuli byggð en hann vann þær upp úr verkum goðsagnafræðingsins Josephs Campbell. Sá sagði goðsagnir og ævintýri byggð á svipaðan máta, hinum svokallaða „hero's journey“ söguþræði, sem flestar stórar bíómyndir byggja á. Þar koma áföll alltaf við sögu og lærimeistari eða aðstoðarmaður hjálpar hetjunni að finna styrk sinn – í þessu tilviki Lars Lagerbäck.

„Samkvæmt minni menntun og þekkingu erum við að fara að eiga annað svona „shaky moment“ í markinu. Þetta er algjörlega hero's journey. Ég get ekkert sagt um hvort við komumst upp úr riðlinum eða neitt þannig en þennan leik erum við alltaf að fara að vinna. Þetta verður alveg svart – Messi er þarna en þessir strákar, Raggi og

**Hér sjáum við þetta svart á hvítu, búið og gert, veðmálsseðil Dóra. Héðan verður ekki aftur snúið.**

Kári slökkva alveg í þessu dæmi. Á mínútu sjötíu þá segi ég að Gylfi og Aron muni eiga hlut að máli út af þessum meiðslum. Þetta er skrifað í stjörnurnar.

Síðan fæ ég þessar eina komma tvær millur lagðar inn á mig og svo trítla ég á Rauða torgið og kaupi mér veski til að geyma alla þessa peninga í,“ segir Dóri, gríðarlega stressaður.

*Hvernig var augnablikið, Dóri, þegar þú ákvaðst að leggja aleiguna á þennan fótboltaleik?*

„Sko, þetta var pínu erfitt móment, því ég fór inn á Betsson, sem ég hef aldrei notað áður og þurfti því að stofna reikning og eitthvað. Svo fann ég ekki leikinn í smá stund en fann hann svo og smellti á upphæð og „make bet“ og þá var það bara komið! Þá var ég alveg bara „shit!“ en fjölskyldan hefur skilning á þessu. Hún veit að það er ekkert nema rib eyes eftir þetta, þau elska dramatúrginn.“ Það er gott að eiga góða að.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*













Losaðu þig við
öll verksummerki
Við tökum á móti garðaúrgangi á endurvinnslustöðvum SORPU.
Opið frá 12.00 til 18.30 — og á Breiðhellu opnar kl. 8.00.
SORPA
Gylfaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa@sorpa.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR
Davíðs Þorlákssonar



## Renta

Steingrímur J. Sigfússon sagði á Alþingi þegar hann mælti fyrir lögum um veiðigjald árið 2012: „Frumvarpið byggir [...] á þeirri meginforsendu að náttúruauðlindir landsins séu sameign þjóðarinnar og arður sem rekja má beint til þeirra, þ.e. að rentan tilheyri þjóðinni. Þegar öðrum er veittur réttur til að fénýta auðlindirnar ber að tryggja þann rétt þjóðarinnar með gjaldtöku ...“ Þótt ýmsar forsendur í þessu séu umdeilanlegar þá voru þetta forsendurnar sem lágu að baki gjaldinu. Veiðigjald væri því ekki hefðbundinn skattur og gjaldið ætti að fylgja afkomu greinarinnar.

Í mars tók Deloitte saman skýrslu um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja að beiðni ríkisins. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta dróst saman um 22% árið 2016 og útlit er fyrir að samdrátturinn hafi verið 20-37% árið 2017. En hvernig er best að mæla rekstur í sjávarútvegi? Veiðigjaldsnefnd hefur þróað spálíkan til að reikna út afkomu veiða með minni tímatöf en gert er í lögum um veiðigjald. Ef reiknistofn yrði lækkaður til samræmis við niðurstöðu líkansins myndi hann lækka um 35% í botnfiski og 15% í uppsjávarfiski.

Í ljósi þessa hefur meirihluti atvinnuveganefndar lagt fram frumvarp til að leiðrétta veiðigjaldið í takt við afkomu greinarinnar, þó minna en spálíkanið gefur til kynna. Verði frumvarpið að lögum er áætlað að veiðigjald skili 8,3 milljörðum króna á þessu ári. Samkvæmt Fiskistofu námu álögð veiðigjöld 6,8 milljörðum á síðasta ári. Það hækkar því um 1,5 milljarða. Að sjálfsögðu standa þingmenn sem styðja tilvist veiðigjalds að þessari leiðréttingu. Ef þau gerðu það ekki væru forsendur gjaldsins brostnar.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

GLAMOUR

Maí og Júníblað
GLAMOUR
ER KOMIÐ ÚT




*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.
WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS